

# SJÚKRALIÐINN

5. TÖLUBLAÐ 21. ÁRGANGUR DESEMBER 2007



**Vinnuvernd  
á Lundi til  
fyrirmyndar**

– sjá bls. 20-22



**Framkvæmdastjórn**

**Sjúkraliðafélags Íslands (SLFI):**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður.  
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður.  
Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri.  
Kristjana Guðjónsdóttir, ritari.

**Skrifstofa félagsins:**

Skrifstofa Sjúkraliðafélags Íslands er að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Sími 553 9493 eða 553 9494. Simabréf, fax 553 9492.

Heimasíða félagsins er [www.slfi.is](http://www.slfi.is)

Skrifstofan er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 09:00 til 17:00.

Starfsfólk félagsins annast alla almenna skrifstofuþjónustu, upplýsingamiðlun túlkun kjarasamninga og erindrektur fyrir félagið og félagsmenn.

Skrifstofan sér um sjóði félagsins svo sem félagssjóð, orlofssjóð, Minningar- og styrktarsjóð, Fræðslusjóðinn Framför, Vinnudeilu- og verkfallssjóð auk þess sem hún afgangur erindi Starfsmenntasjóðs BSRB og Styrktarsjóðs BSRB. Ennfremur sér skrifstofan um úthlutun á orlofsbúðum og orlofshúsum félagsins í umboði Orlofsnefndar.

**Starfsfólk á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands**

Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður, netfang: [kristin@slfi.is](mailto:kristin@slfi.is)  
Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri, netfang: [gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)  
Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri, netfang: [birna@slfi.is](mailto:birna@slfi.is)  
Margrét Tómasdóttir, bókarí, netfang: [margret@slfi.is](mailto:margret@slfi.is)  
Lilja Laxdal netfang: [lilja@slfi.is](mailto:lilja@slfi.is)

**Sjúkraliðinn:**

Sjúkraliðinn er gefinn út af Sjúkraliðafélagi Íslands í 2.900 eintökum.

**Ábyrgðarmaður:**

Kristín Á. Guðmundsdóttir

**Ritnefnd:**

María Búsk, St. Franciskusspítali, Stykkishólmi  
Anna Sólveig Gunnarsdóttir, Landakoti  
Júlíus Snorrason, Landakoti

**Umsjón:**

Gunnar Gunnarsson

**Prentvinnsla og umbrot:**

Stafræna prentsmiðjan ehf, Hafnarfirði

# Hlutverk sjúkraliða Vinnuhópur geri tillögur um breyttar áherslur

**Skortur á sjúkraliðum í nútíð og framtíð er mikið áhyggjuefni. Landlæknisembættið telur mjög brýnt að leita allra leiða til að efla sjúkraliða og styrkja sem eina af lykilstöttum innan heilbrigðisþjónustunnar. Auk þess hefur embættið áhuga á að ná til þeirra sem lokið hafa sjúkraliðanámi en sinna öðrum störfum í samfélaginu, segir í erindisbréfi frá embættinu.**

Í bréfinu eru verkefni vinnuhópsins skilgreind sem hér segir:

Af því tilefni hyggst embættið setja á laggirnar vinnuhóp sem skoði með hvaða hætti sjúkraliðar eru nýttir innan heilbrigðisþjónustunnar með sérstakri áherslu á öldrunarhjúkrun, geðhjúkrun, heimahjúkrun, og endurhæfingarhjúkrun. Jafnframt mun vinnuhópurinn setja fram tillögur um hvort og þá með hvaða hætti megi breyta áherslum í starfi sjúkraliða og starfslýsingum svo starfskraftar þeirra og menntun nýtist sem best og möguleikar til starfsþróunar verði tryggðir til framtíðar.

Vinnuhópurinn er skipaður fulltrúum Landlæknisembættisins, Sjúkraliðafélags Íslands, Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Landspítala- háskólasjúkrahúss, hjúkrunar-

heimila og heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Skal vinnuhópurinn taka mið af skýrslum og nefndarálitum sem til eru um þetta efni auk þess að líta til þróunar í þeim löndum sem lengst eru komin í þessum efnun. Æskilegt er að leitað verði álits hlutadeigandi sérfræðinga og stjórnenda.

Vinnu hópsins verði lokið fyrir 1. febrúar 2008.

**Nefndarmenn**

Í vinnuhópnum eru: Guðmunda Steingrímsdóttir sjúkraliði, Sóltúni, Ingibjörg Hjaltadóttir hjúkrunarfræðingur öldrunarsvið LSH, Lilja Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur, skurðlækningasvið LSH, Ragna Ágústsdóttir sjúkraliði LSH, Bára Emilsdóttir sjúkraliði, Heilsugæslustöðinni Mjódd, Þórdís Magnúsdóttir hjúkrunarfræðingur, Miðstöð heimahjúkrunar og Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélagsins

Tengiliðir við Landlæknisembættið eru Anna Björg Aradóttir og Laura Sch. Thorsteinnsson.

Nefndin kom saman til síns fyrsta fundar þriðjudaginn 20. nóvember síðastliðinn.



## Þingmenn í heimsókn

Fjórir þingmenn Vinstri grænna heimsóttu Sjúkraliðafélag Íslands nýverið til að kynna sér viðhorf félagsins og var þessi mynd tekin við það tækifæri. Þingmennirnir sitja hægra megin við borðið, frá vinstri: Katrín Jakobsdóttir, Árni Þór Sigurðsson, Álfheiður Ingadóttir og Kolbrún Halldórsdóttir. Til vinstri eru fulltrúar félagsins, þau Birna Ólafsdóttir skrifstofustjóri, Kristín Ólafsdóttir varaformaður, og Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður.

## Nýr formaður í Vesturlandsdeild

Formannsskipti hafa orðið í Vesturlandsdeild sjúkraliða. Nýr formaður er María Busk sem búsett er í Grundarfirði og starfar á SFS Stykkishólmi.

<b>Á DAGSKRÁ</b>	<b>2</b>
- Endurskoða hlutverk sjúkraliða	
- Þingmenn í heimsókn	
- Nýr formaður Vesturlandsdeildar	
<b>FORMANNSPISTILL</b>	<b>3</b>
- Mannekla, mismunun, hvað er til ráða?	
<b>KJARAMÁL</b>	<b>4-14</b>
- Kjörin á leigunum langt undir lágmarki	
- Við eigum rétt á launajafnrétti	
- Sterk rök fyrir styttri vinnutíma	
- Hugmyndir um áfallatryggingu	
- Markmiðið er endurhæfing	
- Samráðsnefnd borgarinnar	
- Kynbundinn launamunur hjá borginni	
- Róttækar umbætur nauðsyn	
- Vaktabókin komin út	
- Viðtal við heilbrigðisráðherra	
<b>DÓMSMÁL</b>	<b>15</b>
- Launauppgjör eiga að vera endanleg	
- Mískabætur fyrir áminningu	
<b>MENNTAMÁL</b>	<b>16-17</b>
- Áhugi á nánari samvinnu	
- Margt mælir með einni fræðslumiðstöð	
<b>FRÆDSLUNEFND</b>	<b>18-19</b>
- Námskeið fyrir trúnaðarmenn	
- Starfsþróun á Landspítalanum	
- Námskeið og framhaldsnám	
- Hækkun styrkja vegna námskeiða	
<b>VINNUSTAÐURINN</b>	<b>20-26</b>
- Lundur á Hellu til fyrirmyndar	
- Sjúkraliðar hafa mikið vægi á Kirkjuhvöli	
- Íbúðir fyrir fagfólk á Kumberavogi	
<b>SKRIFSTOFAN</b>	<b>27</b>
- Nýtt tölvakerfi á nýju ári	
<b>BRÉFAKASSINN</b>	<b>28-29</b>
- Réttur þinn við umferðarslys	
<b>ÚTLÖND</b>	<b>29-31</b>
- Fróðlegt þing í Vínarborg	
- Fleiri hendur, hærri laun	
- Færeyjar eru flottar	
<b>FÉLAGSTJÓRNIN</b>	<b>32</b>
- Fundað á Austurlandi	
<b>SJÚKRALIÐAÐEILDIRNAR</b>	<b>33-35</b>
- Nýr formaður sérnámsdeildar	
- 375 í Eftirlaunadeildinni	
- Á fjórða hundrað í námi í Reykjavík	
<b>LISTAHORNIÐ</b>	<b>36-37</b>
- Málalastin hefur gefið mér mikið	
<b>AUGLÝSINGAR</b>	<b>38-40</b>
- Sumarferðir til útlanda	
- Vetrarleiga orlofsheimila	
- Sumarhús vantar á Vestfjörðum	
<b>FORSÍÐUMYNDIN</b>	
<b>Í Spjallstofunni skemmtilegu á Lundi.</b>	
<b>Sitjandi er Hrefna Kristjánsdóttir en við</b>	
<b>hlið hennar Snæbjört Ýrr Einarsdóttir</b>	
<b>sjúkraliði.</b>	

# Mannekla og mismunun, hvað er til ráða?



Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands, skrifar.

Mikill þungi var í fulltrúum féлага á aðalfundi BSRB sem haldinn var í nóvember síðastliðinn yfir því ástandi sem skapast hefur í almannajónustunni. Ályktun fundarins bendir á að stóratök þurfi að gera til að efla grunnþjónustu samfélagsins.

Sjúkraliðafélag Íslands hefur um langt skeið bent á að manneklan sé slík, að beinlínis horfi til landauðnar á sjúkrahúsum, hjúkrunar- og dvalarheimilum, stofnunum fyrir fatlaða og víðar. Erfiðara og erfiðara er að ráða fólk í þessi störf á þeim kjörum sem í boði eru.

Manneklan veldur miklu álagi á sjúkraliða. Síðan vinda erfiðleikarnir upp á sig með því að fjöldi sjúkraliða starfar ekki lengur við að hjúkra, heldur hafa þeir horfið til annarra betur launaðra og andlega og líkamlega léttari starfa.

## Starfsfólk í vaktavinnu

Á undanförunum mánuðum hafa fulltrúar BSRB og BHM setið til borðs með fulltrúum fjármálaráðuneytisins í því skyni að kryfja þann vanda sem samfélagið stendur frammi fyrir vegna skorts á fólk til að starfa í vaktavinnu.

Margar rannsóknir hafa sýnt að vaktavinnan er bæði slítandi, heilsuspillandi og lítt aðlaðandi fyrir fjölskyldufólk. Vegna þess hefur verið komið á móts við starfsfólk í vaktavinnu með því að greiða því sérstakt vaktarálag eftir því hvenær sólahringsins það starfar. Nú hefur komið í ljós að þetta dugar skammt í ljósi þess að atvinnurekendur á almenna vinnumarkaðinum greiða sama og í flestum tilfellum mun meira fyrir dagvinnuna eina og sér.

## Stytting vinnuvikunnar

Krafa Sjúkraliðafélags Íslands er að kjör vaktavinnustarfsfólks verði stórbætt með styttingu vinnuvikunnar. Áttatíu prósentá vinna verði sem svarar hundrað prósentá vinnu, og fari niður í 70% starfshlutfall við 55 ára aldur. Stytting starfsævinnar verði í samræmi við það sem nú gerist hjá lögreglunni, flugumferðastjórum og fangavörðum. Vaktavinnufólk geti hætt störfum án skerðingar á lífeyri 65 ára. Þessu til viðbótar telur Sjúkraliðafélag Íslands að hafi stjórnvöld vilja til að fá ungt fólk til starfa við heilbrigðisþjónustu þurfi þau að fara sömu leið og farin er hjá dómsmálaráðuneytinu við menntun lögreglumanna, það er launað nám. Danir hafa farið sömu leið til að fá fólk til að leggja fyrir sig sjúkraliðastörf, það er gert með því að sjúkraliðanemar eru launaðir af hinu opinbera.

Með því að launa sjúkraliðanamið er ungu fólk beint inn á ákvedna braut í samfélaginu. Sumir staldra við en aðrir ekki. Sumir breyta til og fara í annað nám innan heilbrigðisþjónustunnar, til dæmis í læknanám, hjúkrun, lyfjatekninám og fleira. Heilbrigðisbrautin er mjög hagkvæm fyrir alla hvort sem þeir fara síðar í nám á öðrum sviðum.

## Jafnrétti í hnotskurn

Mikil breyting varð á kjarasamningum lögreglumanna 2001. Þá var eitt ár liðið frá því að lögin um "jafna stöðu og jafnan rétt karla og kvenna" voru endurnýjuð. Ákveðið var að breyta lögum svo hægt væri að koma í kring umfangsmestu mismunun sem átt hefur sér stað hjá sama atvinnurekanda frá upphafi. Það var í formi styttingar á starfsævi lögreglumanna þannig að þeir hætta störfum 65 ára án skerðinga á lífeyri.

Ég tel að flestir sem fylgdust með því sem þar fór fram hafi talið að þetta hlyti að vera upphafið að því að aðrir er störfuðu hjá sama atvinnurekanda kæmu í kjölfarið. Laun lögreglumanna eru og hafa verið mun hærri en laun sambærilegra kvennastétta. Sambærilegra hvað varðar menntun, vinnutíma og síðast en ekki síst andlegt og líkamlegt erfiði. Ákvörðun fjármála- og dómsmálaráðherra fyrir skemmstu um að hækka laun lögreglumanna um 30 þúsund krónur skilyrðislaust er staðfesting á viðhorfum stjórnarherranna til jafnréttis. Á sama tíma hundsar nýskipaður heilbrigðisráðherra, Guðlaugur Þór Þórðarson, að veita formönnum Sjúkraliðafélags Íslands og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga viðtal til að ræða ástand heilbrigðisþjónustunnar og hvað sé til úrbóta.

Landspítalinn greiddi starfsmannaleigum 100 milljónir

# Kjörin langt undir lágmarki

Sjúkraliðafélag Íslands hefur með aðstoð lögfræðings afhjúpað að starfsmannaleigur ráða sjúkraliða á ráðningarkjörum sem eru langt undir þeim lágmarkskjörum sem kjarasamningar félagsins gera ráð fyrir. Á sama tíma kemur í ljós að stærsti vinnustaður sjúkraliða, Landspítalinn, hefur greitt starfsmannaleigum um eitt hundrað milljónir króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Í byrjun september síðastliðinn krafðist félagið þess fyrir hönd eins félagsmanna sinna að starfsmannaleigan Alhjúkrun ehf innti af hendi vangreidd laun og felldi ólögmet ráðningarkjör úr gildi.

## Brot á samningum

Í fyrrnefndu bréfi lögmanns félagsins segir meðal annars:

„Skoðun á ráðningarsamningi hennar leiðir í ljós að laun, sem og önnur starfsréttindi, eru langt undir lágmarkskjörum, sem kveðið er á um í gildandi kjarasamningi SLFÍ. Nánast er sama hvar borið er niður. Taxtar eru of lágir. Réttur til orlofs er minni en samkvæmt kjarasamningum. Réttur til launa í veikindum er ekki fyrir hendi og tryggingavernd lakari. Þessi upptalning er ekki tæmandi.“

Lögmaðurinn vísar til þess í bréfinu að samkvæmt lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda skuli laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, vera lágmarkskjör, óháð kyni, þjóðerni eða ráðningartíma fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er samningurinn tekur til. Samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu vera ógildir. Regla þessi sé meginregla í íslenskum vinnurétti.

## Hundrað milljónir

Mál þetta varð Sjúkraliðafélagi Íslands til efni til að kanna sérstaklega hvað Landspítalinn greiddi starfsmannaleigum fyrir störf starfsmanna sem LSH hafði ráðið á kjörum sem voru lægri en lágmarkskjör samkvæmt samningum félagsins. Það gekk þó ekki þrautalaust fyrir sig þar sem Landspítalinn vísaði í upphafi til ákvæða í samningum sínum við starfsmannaleigurnar



Landspítalinn greiddi starfsmannaleigum ríflega eitt hundrað milljónir króna frá janúar til september 2007.

ar um trúnað, og reyndi einnig að bera fyrir sig ákvæði upplýsingalaga um að óheimilt væri að veita upplýsingar um mikilvæga viðskiptahagsmuni fyrirtækja. Lögmaður Sjúkraliðafélagsins hafnaði algjörlega þessum rökum og itrekaði kröfu félagsins um afrit af öllum samningum sem LSH hefði gert við starfsmannaleigurnar.

Landspítalinn lét að lokum af hendi ljósrít af umræddum samningum, en hafði strikað yfir allar tölur um verð og greiðslur sem hefðu leitt í ljós hvað spítalinn var að greiða til dæmis fyrir vinnu sjúkraliða frá leigunum.

Samkvæmt upplýsingum spítalans hafði LSH greitt tveimur starfsmannaleigum, Alhjúkrun og InPro, ríflega eitt hundrað milljónir króna á þessu ári, það er frá því í janúar og fram í september. Mest af þessum peningum, eða 78,9 milljónir króna, hafði

farið til InPro, en tæpar 24 milljónir króna til Alhjúkrunar.

Með bréfi til lögmanns félagsins 18. október síðastliðinn skýrði Landspítalinn frá því að nú hefði öllum samningum spítalans við starfsmannaleigur verið sagt upp og rynnru þeir síðustu út í desember 2007.

## Leyndin er ópolandi

BSRB hefur tekið virkan þátt í þessari baráttu Sjúkraliðafélagsins.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, bendir á mikilvægi þess að stéttarfélagin fái upplýsingar um greiðslur til starfsmanna-leiga sem hafi orðið uppvisar að því að brjóta lög á starfsfólki með því að greiða undir umsömdum töxtum og hafa af því réttindi, þótt hitt kunnli líka að vera til í dæminu að starfsmannaleigur greiði meira til starfsmanna sinna en aðrir starfsmenn fá.

„Þetta þurfa stéttarfélagin að fá að vita til þess að geta rétt hlut starfsmanna. Leyndin er ópolandi. Í skjóli hennar þrífst misréttið. Einnig er á það að líta að allt bókhald opinberra stofnana á að vera gegnsætt, enda kveðið á um það í lögum. Við munum leita allra leiða til að fá leyndinni aflétt á Landspítalanum sem og öðrum opinberum stofnunum sem hafa samið við starfsmannaleigur,“ sagði Ögmundur.

*Taxtar eru of lágir. Réttur til orlofs er minni en samkvæmt kjarasamningum. Réttur til launa í veikindum er ekki fyrir hendi og tryggingavernd lakari*



Samninganefnd Sjúkraliðafélags Íslands undirritar kjarasamning félagsins við ríkisvaldið árið 2005. Frá vinstri: Gunnar Björnsson, Margrét Auður Óskarsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, María Ingibergsdóttir, Ragna Ágústsdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Ingibjörg Hafsteinsdóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir.

# Við eigum rétt á launajafnrétti

„Eitt af því sem ég mun tala fyrir í komandi kjaraviðræðum er að benda á þá staðreynd að samkvæmt lögum eiga konur og karlar að búa við launajafnrétti, en því fer víðs fjarri í reynd. Það er verulegur munur á launum karla- og kvennastétta sem hafa svipaða eða meiri menntun, hliðstæða ábyrgð og eru oftast en ekki í mun erfiðari störfum. Í því sambandi höfum við bent á lögreglumenn, sem eru ágætlega komnir að sínum launum, en það vantar mikið á að viðurkennt sé í verki að sjúkraliðar eigi að vera með sambærileg eða hærri laun,” segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

Hún leggur áherslu á að launajafnrétti kvenna og karla séu lög í landinu og þess vegna eigi sjúkraliðastéttin ekki að þurfa að borga fyrir hvert skref í átt til launajafnréttis. Á morgunverðarfundum sem kvennasamtök boðuðu til fyrir síðustu þingkosningar kom fram að samkvæmt rannsókn sem gerð var árið 2004 að í 25 aðildarríkjum ESB, ásamt Íslandi og Noregi, er kynbundinn launamunur á Íslandi 28% en að meðaltali er hann 15% í ESB- ríkjum. Lilja Mósesdóttir hagfræðingur, sem hélt erindi

á fundinum, taldi að einn meginþátturinn sem skýrði þennan munur væri að vanmat á hefðbundnum kvennastörfum væri meira hér á landi en annars staðar, og nefndi rök fyrir því að sjúkraliðar ættu að vera með hærri laun en lögreglumenn með tilvísun til íslenskrar starfsflokunar sem gefin er út af Hagstofu Íslands.

## Stofnanasamningur lokið

Þann 19. nóvember síðastliðinn var skrifad undir síðasta stofnanasamning sjúkraliða á samningstímabilinu, en viðræður um þá samninga hafa staðið yfir með hléum frá því að kjarasamningur var gerður við fjármálaráðherra árið 2005.

„Þetta hefur verið langt og strangt ferli,” segir Kristín, „og því miður hefur það

sannast sem við höfum lengi haldið fram, að það gengur ekki upp að vinna stofnanasamninga undir friðarskyldu því það þýðir að ef atvinnurekandi vill draga lappirnar þá kemst hann upp með það. En stofnanasamningar við ríki og sjálfseignarstofnanir drógust líka á langinn vegna þeirrar breyttu stöðu sem upp kom eftir að Reykjavíkurborg hækkaði lægstu launin skömmu fyrir síðustu borgarstjórnarkosningar, en við það riðlaðist launahlutfall milli stétta. Við sýndum fram á að laun sjúkraliða þyrftu að hækka í kjölfarið og fengum 2.8% hækkun til að leiðrétta þennan mismun. Þegar það lá fyrir fóru viðræður um stofnanasamninga aftur á fulla ferð.

En við þurftum líka að endurskoða þá stofnanasamninga sem við höfðum gert áður en þessi leiðrétting kom til sögunnar og gerðum kröfu á sveitarfélögin, þar á meðal Reykjavíkurborg, um hið sama, en höfum nánast fengið höfnun. Samt höfum við í höndunum pappíra frá fjármálaráðuneytinu sem staðfesta að ráðuneytið hefur þegar greitt til sveitarfélaganna þessar launabætur til að lagfæra stofnanasamninga sjúkraliða. Þetta ætlum við okkur að innheimta. Viðsemjendur okkar eru oft að

*Stóru málin sem liggja á borðinu eru annars vegar vaktavinnuhópurinn og hins vegar trúnaðarmennirnir okkar*

væla undan því að þeir fái ekki fjármuni til að semja við okkur um kjarabætur, en þegar við getum sýnt fram á að Sjúkraliðafélagið hafi útvegað þeim fjármuni frá ríkinu í þessa leiðréttingu er ótrúlegt að þeir dirfist að segja við okkur: Sorri, við ætlum að nota þessa peninga í malbikið. Það gengur ekki.”

### Undirbúningur hafinn

Á næsta ári, 2008, verða flestar stéttir með lausa samninga og reikna má með að viðræður um nýja kjarasamninga verði í gangi fram eftir árinu.

„Við erum að undirbúa okkur fyrir þessar viðræður,” segir Kristín. „Í því skyni hefur Sjúkraliðafélagið skipulagt fundi í öllum deildum félagsins. Við höfum þegar fundað í fjórum deildum, það er á Suðurlandi, Suðurnesjum, Vesturlandi og í Reykjavík, en fundir verða í öðrum deildum eftir áramót. Þessi fundaherferð tekur nokkurn tíma þar sem frummælendur eru margir og því þarf að stilla saman strengi þannig að allir geti mætt. Á fundunum erum við ekki aðeins að fjalla um kjaramálin heldur einnig innri mál félagsins og menntamál stéttarinnar.

Við erum fyrst og fremst að fara á þessa deildarfundu til að hlusta á sjúkraliða, fá félagsmenn til að segja frá því sem brennur á þeim kjaralega séð. Kjaramálanefndin, sem kemur saman til síns fyrsta fundar 10. desember, mun fara yfir það sem fram kemur og meta hvað eigi heima í viðræðum um næstu stofnanasamninga og hvað í þeim viðræðum um nýjan heilðrænan kjarasamning við fjármálaráðherra sem framundan eru á næsta ári.

Kjaramálanefndin mun setjast á námskeið eftir áramótin þar sem unnið verður áfram með kröfugerðina.

Síðast þegar við fórum í samninga lögðum við ekki fram eiginlega kröfugerð heldur ræddum málin út frá þeirri kröfugerð sem við höfðum undirbúið og mér kæmi ekki á óvart þótt við hefðum sama hátt á núna. Ég mun leggja til að við höldum okkur við nokkur aðalatriði í komandi samningaviðræðum, en höfum smærri atriðin í handraðanum.”

### Kröfur um breytta vaktavinnu

Sjúkraliðafélagið er að vinna að frangangi sameiginlegra réttindamála á vettvangi BSRB og í samvinnu við BHM og KÍ.



Sjúkraliðar á útifundi verkafélagsshreyfingarinnar 1. maí síðastliðinn.

„Stóru málin sem þar liggja á borðinu eru annars vegar vaktavinnuhópurinn og hins vegar trúnaðarmennirnir okkar,” segir Kristín. „Að undanfögnu hefur mestur tíminn farið í að ræða skilgreiningu á vand-

*Við erum fyrst og fremst að fara á þessa deildarfundu til að hlusta á sjúkraliða*

anum við fulltrúa ríkisvaldsins, enda var um það samið í síðustu samningum að aðilar skyldu nota samningstímann til að koma sér niður á tillögur til breytinga. Ég tel að nú sé kominn tími til að stéttarfélagin

leggi fram beinar tillögur fyrir ríkisvaldið, en vinnu við þær tillögur er ekki lokið. Krafa Sjúkraliðafélagsins er fyrst og fremst veruleg stytting vinnuvikunnar. Ég hef talað fyrir því að að 80% eigi að teljast fullgild vinnuvika fyrir vaktavinnufólk. Eins hef ég talað fyrir því að vaktavinnufólk eigi að fá þá styttingu á starfsævinni sem lögreglumenn hafa þegar fengið.

Það er sífellt óvinsæla að vinna vaktavinnu og þess vegna erum við öll innan BSRB sammála um að það verði að gera eitthvað róttækt ef fólk á að fást til að vinna vaktavinnu í framtíðinni. Þetta á ekki síst við um sjúkraliða sem eru stærsti vaktavinnuhópurinn meðal fagstétta. Þetta eru breytingar sem ég tel að sjúkraliðar eigi fullan rétt á.”

# Kjaramálanefnd sjúkraliða

Í Kjaramálanefnd Sjúkraliðafélags Íslands eiga sæti eftirtaldir sjúkraliðar:

Kristín Ólafsdóttir, Skógarbæ. Inga Lóa Guðmundsdóttir, Dagdvöl aldraðra Reykjanæsbæ. Kristjana Guðjónsdóttir, Miðstöð heimahjúkrunar. María Ingibergsdóttir, LSH – Hring-

braut. Ingibjörg Hafsteinsdóttir, LSH – Fossvogi. Ragna Ágústsdóttir, LSH – Fossvogi. Margrét Auður Óskarsdóttir, Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hólmfríður Eiríksdóttir, DSNE. Formaður félagsins, Kristín Á. Guðmundsdóttir, er formaður nefndarinnar.

## Kjör vaktavinnufólks

# Sterk rök fyrir styttri vinnutíma

Ef ætlunin er að viðhalda íslenska heilbrigðiskerfinu er brýnt að bæta verulega kjör vaktavinnufólks. Það þarf að stytta vinnuviku og starfsævi vaktavinnufólks, reka dagheimili við sjúkrahúsin sem miðast við þarfir sjúkrahússins en ekki fólks sem vinnur aðeins frá átta til fimm mánuðag til föstudags, hækka verulega launin hjá ungu vaktavinnufólki og bjóða fólki að fara í sjúkraliðanám á launum eins og nágrannaþjóðir okkar gera, segir Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands.

Með því að stytta vinnuviku vaktavinnufólks í hjúkrun væri einfaldlega verið að taka upp fyrirkomulag sem ríkti fyrir árið 1970.

## Skemmsta vinnuvikan 30 tímar

„Kjör opinberra starfsmanna voru um árabil ákveðin með lögum, en síðan með kjaranefnd og kjaradómi,” segir Gunnar. „Þá var vinnutími opinberra starfsmanna breytilegur eftir störfum. Hann var skemmstur 30 tímar á viku hjá hjúkrunarkonum og gæslufólki á geðveikra- og fávítahælum eins og stofnanirnar hétu þá. Meðal þeirra sem unnu 36 stunda vinnuviku voru til dæmis sjúkrahússlæknar, sjúkraþjálfarar, hjúkrunarkonur, ljósmæður, aðstoðarfólk við hjúkrun og starfsfólk á rannsóknarstofum, en vinnutími utan vaktavinnu var annað hvort 42 eða 44 stundir að skrifstofufólki frátöldu.

Þannig var vinnuvikan á þessum tíma aðeins 30 stundir hjá því hjúkrunarfólki sem vann á erfiðum deildum. Vinnuálagið á þessum deildum var mjög mikið og þess vegna þótti rétt að vinnuvikan væri 25% styttri en hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Þar til viðbótar fengu hjúkrunarkonur sérstakt geðdeildarfrí sem voru átta orlofsdagar eða 64 stundir, en þeim réttindum halda hjúkrunarfræðingar enn í dag.

Þetta fyrirkomulag var síðast staðfest með Kjaradómi árið 1968, en upp úr því fá opinberir starfsmenn takmarkaðan samn-



Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélags Íslands.

ingsrétt og þá vaknar áhugi á að taka upp svokallað starfsmat og það var notað til að kollvarpa þessum mismunandi vinnutíma.”

## Rökin fyrir breytingunni

Pröstur Ólafsson, sem þá var starfsmaður BSRB, skrifaði grein í Ásgarð, tímarit bandalagsins, haustið 1970 þar sem hann skýrði þessa ákvörðun og sagði meðal annars:

„Þessara samninga mun áreiðanlega verða lengst minnst vegna hinnar djörfu ákvörðunar að samræma vinnutímann.

*Flest störf eru þannig að þú kemst í minna erfiði þegar aldurinn færirst yfir, en það gerist ekki hjá sjúkraliðum*

Allir munu að vísu sammála um ágæti þess að stytta vinnutíma úr 44 stundum og 42 stundum á viku. Um hitt munu fá forðæmi hér á landi, að vinnutími sé lengdur. Athugum þess vegna nánar rökin fyrir því.

Með notkun starfsmatskerfis er reynt að leggja sama mælikvarða á öll störf (menntun, sjálfstæði, frumkvæði, ábyrgð o.fl.). Þá skapast misrétti, ef sumir þurfa ekki að vinna nema 36 stundir fyrir vikukaupi sínu, meðan aðrir með sama stigafjölda í starfsmati verða að vinna til dæmis 40 1/3 klst. (44 tímar að frádregnum kaffitímum).

Úr þessu mátti að vísu bæta til dæmis með því að miða launastigann við lengstan vinnutíma, en borga hinum 10% lægra kaup. Þessari aðferð hafnaði BSRB, þar sem verulegur hluti starfsmanna hefði þá ekki verið talinn gegna fullu starfi, auk þess sem margir launastigar eru líklegir til að valda ruglingi.

Samræmdi vinnutíminn (40 klst) er að frádregnum kaffitímum 37 stundir og 5

mínútur miðað við fimm daga vinnuviku, og styttri ef unnir eru sex dagar. Lenging raunverulegs vinnutíma á skrifstofum (38 stundir) er þannig ekki tveir tímar heldur 45 mínútur á viku.

Með fylgiskjali 2 með samningnum fengust síðan fram ákvæði, sem draga úr lengingunni hjá vaktavinnufólki og það jafnvel svo að sumir þeirra, sem unnu 36 stundir án kaffitíma, verða ekki fyrir neinni lengingu raunverulegs vinnutíma og viðveruskylda engra lengist umfram 1 1/2 klst. á viku,” segir Þróstur í grein sinni.

### Fórnin var mistök

Gunnar Gunnarsson segir það sína skoðun að þessi fórn á skemmri vinnutíma vaktavinnufólks hafi verið mikil mistök. Starfsmatinu, sem var notað sem ástæða til lengingar vinnutíma vaktavinnufólks, var síðar slátrað, enda tók það ekki mið af veigamiklum þáttum sem einkenna opinberan vinnumarkað svo sem pólitík, kunnigja- og klíkusamfélag Íslendinga.

„Það voru góð rök fyrir skemmri vinnutíma vaktavinnufólks á sjöunda áratugnum og þau rök eru enn í fullu gildi ef ætlunin er að hvetja ungt fólk til að vinna vaktavinnu í heilbrigðiskerfinu,” segir Gunnar. „Núna forðast fólk vaktavinnu í vaxandi mæli, sérstaklega ungt fólk sem vill ekki fórna fjölskyldu- og félagslífi fyrir vinnu á nætur- og helgarvöktum. Menntunarmöguleikarnir eru einnig gjörbreyttir frá því sem áður var og margra kosta völ á vinnumarkaði. Líka þess vegna verður að gera vaktavinnuna eftirsóknarverðari.”

Það má því með sanni segja að vaktavinnufólkið hafi keypt köttinn í sekknum. Í von um betri laun samþykkti það lengingu vinnutíma, fórn sem engu skilaði nema síður væri.

### Styttum vinnutímamann á ný

„Það þarf að endurvekja þessa gömlu reglu, enda full rök fyrir því,” segir Gunnar. „Það þarf að stytta vinnuvikuna hjá ungu fólki á vöktum um að minnsta kosti 10% í 36 stundir og stytta vinnutímamann um 20% hjá þeim sem eru komnir á tiltekinn aldur, það er í 32 stundir. Flest störf eru þannig að þú kemst í minna erfiði þegar aldurinn færir yfir, en það gerist ekki hjá sjúkralið-



Sjúkraliðar í kröfugöngu undir fána félagsins.

um. Þess vegna er brýnt að stytta vinnutíma þeirra sem komnir eru á miðjan aldur og jafnframt þarf að stytta eftirlaunaaldur vaktavinnufólks í 65 ár. Þegar til þess er litið að flugumferðarstjórar fara á eftirlaun 63 ára og lögreglumenn og fangaverðir 65 ára, er augljóst að sjúkraliðar og annað hjúkrunarfólk sem er í afar slítandi vinnu á vöktum þarf líka að geta farið á full eftirlaun við þann aldur. Það er ekkert sem réttlætir höfnun þeirrar kröfu.”

### Aðgerða er þörf

„Að sjálfsögðu hefur þetta í för með sér að hjúkrunarfólki á vöktum myndi fækka og við því verður að bregðast með beinum aðgerðum til að fá fleira fagfólk til að vinna við hjúkrun og auka áhuga ungs fólks til að mennta sig sem sjúkraliða. Það að stytta vinnuvikuna og stytta starfs-

ævina er viss hvati í þá átt, en einnig þarf að taka upp við sjúkrahúsin gjaldfrí dagheimili sem eru miðuð við þarfir sjúkrahússins en ekki fólks sem vinnur aðeins frá átta til fimm virka daga. Einnig þarf að hækka verulega launin hjá vaktavinnufólki og bjóða ungu fólki að fara í sjúkraliðanám á launum eins og nágrannaþjóðir okkar gera.

Ef þessu þrennu yrði hrint í framkvæmd gæti ungt fólk farið í námið á launum, það gæti treyst því að börnin væru á barnaheimilum þegar það er í námi eða vinnu, hvenær dagsins og vikunnar sem er, og það fengi ásættanleg laun og vinnutíma að námi loknu.

Það er mikið verk að koma þessu í kring, en ef ætlunin er að viðhalda íslenska heilbrigðiskerfinu verða stjórnvöld að skoða þetta í alvöru,” segir Gunnar Gunnarsson.

## Vaktavinnufólk Flest í fimm félögum

**Tæplega 75% þeirra sem vinna vaktavinnu hjá hinu opinbera eru í fimm stéttarfélögum og er Sjúkraliðafélag Íslands eitt þeirra.**

Samkvæmt nýlegri könnun fengu tæplega 27% launþega í opinbera kerfinu greitt vaktalaag í mars 2007.

27,8% þessara vaktavinnumannanna voru í SFR, 18,5% í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga, 14,8% í Sjúkraliðafélaginu, 7,4% í

Landsambandi lögreglumanna og 5,1% í Eflingu. Meðal fagstétta eru sjúkraliðar hlutfallslega stærsti hópurinn.

Langstærsti hluti hópsins vinnur hjá stofnunum sem eru á vegum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, eða 62%. Þar af vinna 45% alls hópsins hjá Landspítalanum, sjúkrahúsinu á Akureyri og St. Jósefsspítala, en 17% alls hópsins á öðrum heilbrigðisstofnunum.



# Hugmyndir um áfallatryggingu

Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa að undanfögnu kynnt hugmyndir um uppstokkun á kjörum öryrkja, en viðræður þar að lútandi hófust í kjölfar umræðu um mikið álag á lífeyrisjóði vegna örorkubóta. Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands hefur snúist hart gegn þessum hugmyndum og sagt þær augljósa ávísun á mismunun. Tryggingafræðingur sem fór yfir hugmyndirnar fyrir Söfnunarsjóð lífeyrisréttinda gerði ýmsar athugasemdir og komst að þeirri niðurstöðu að staða sjóðsins gagnvart öðrum lífeyrissjóðum muni versna verulega verði þessar hugmyndir að veruleika.

Sameiginleg nefnd Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins hefur unnið þess tillögur og kynnt þær sem „annað tækifæri til atvinnuþátttöku.“


## Yfirlýst markmið

Yfirlýst markmið þessara breytinga er að treysta og bæta réttindi þeirra sem lenda í alvarlegum áföllum og draga markvisst úr líkum á því að launafólk lendi í varanlegri örorku með aukinni virkni og eflingu endurhæfingar, eins og það er orðað í minnisblaði sammingsaðila.

Framkvæmdastjóri ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, hefur í kynningu á hinum nýju hugmyndum lagt áherslu á að nálgunin sé röng í núverandi örorkumatkerfi. Forsendur í slíku mati eigi að vera fjölþættar, en ekki bara læknisfræðilegar. Mestu máli skipti að efla vilja fólks til sjálfshjálpar og það sé félagsleg viðfangsefni fremur en læknisfræðilegt.

Hann bendir meðal annars á að núverandi bótaréttur miðist við fulla örorku og að fólki sem vilji og geti verið þátttakendur á vinnumarkaði í hlutastarfi sé kerfisbundið refsað. Kerfið sé þar að auki komið í algjöru ógöngur með tekjutengingum bæði milli almannatrygginga og lífeyrisjóða og örorkubóta og atvinnutekna.

„Fjölga verður raunhæfum endurhæfingarúræðum og tryggja fólki bæði rétt og fjárhagslega getu til þess að sækja endurhæfingarúræði með skýrari ákvæðum um greiðsluþátttöku ríkisins og sjóðanna. Koma verður í veg fyrir að fólk einangrist



Yfirlýst markmið þessara breytinga er að treysta og bæta réttindi þeirra sem lenda í alvarlegum áföllum og draga markvisst úr líkum á því að launafólk lendi í varanlegri örorku.

heima með sín vandamál þannig að of seint kann að vera að grípa til endurhæfingar,” sagði hann í erindi um málið.

*ÖBÍ hafnar alfarið hugmyndum sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hafa kynnt um sérstakt tryggingakerfi fyrir hluta landsmanna*

## Kjarni nýja kerfisins

Meginatriði hins nýja kerfis, sem hugsanlega gæti tekið gildi árið 2009, eru sem hér segir:

1. Réttur til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum frá vinnuveitanda verði tveir mánuðir og miðast við að starfsmaðurinn haldi þá föstum launum. Þetta er skemmri tími en nú er, enda er áætlað að kostnaður atvinnulífsins vegna greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum minnki um 0.28% af launagreiðslum á almennum vinnumarkaði.

2. Í kjölfarið komi nýr Áfallatryggingasjóður. Starfsmenn sem eru enn óvinnufærir að hluta eða öllu leyti eftir

fyrstu tvo mánuðina eigi rétt á greiðslu bóta úr þeim sjóði. Grunnréttur hjá nýja sjóðnum verði 60% af meðaltekjum síðustu sex mánuða. Sé viðkomandi metinn óvinnufær að hluta reiknist bæturnar hlutfallslega. Rétturinn til greiðslu úr Áfallatryggingasjóði geti varað í allt að fimm ár.

Áætlað er að heildarkostnaður nýja sjóðsins verði um 2.13% af heildarlaunagreiðslum á almennum vinnumarkaði þegar nýja kerfið verði komið til framkvæmda. Á móti kemur að kostnaður lífeyrissjóða á að lækka um 1.5% af heildarlaunagreiðslum, og sparnaður Tryggingastofnunar ríkisins verður um 1.24% af heildarlaunagreiðslum.

3. Veikindaréttur hjá sjúkrasjóðum verkalýðsfélaga verði staðlaður. Miðað er við að viðbótaréttindi fyrstu tíu mánuði eftir að greiðslum frá vinnuveitanda lýkur verði 30% af tekjum síðustu sex mánaða og komi þær greiðslur til viðbótar grunnréttindum Áfallatryggingasjóðs. Næstu 24 mánuðina verði viðbótaréttindin 20%, en 10% næstu 24 mánuði þar á eftir. Til þess að sjúkrasjóðirnir standi undir þessum kostnaði þarf að hækka iðgjald í sjóðina úr 1% í 1.25%.

4. Miðað er við að auka framboð af ýmiss konar úrræðum til endurhæfingar sem yrðu til hliðar við hina almennu heilbrigðisþjónustu á vegum ríkisins. Eftir er að þróa þennan þátt samkomulagsins frekar. Í minnisblaði segir að leggja þurfi vinnu í að gera sérstaka þarfagreiningu á því hvaða úrræði og þjónusta sé til staðar og hvað sé nauðsynlegt að byggja upp þannig að úrræði og endurhæfing verði sem virkust. Greiðsluhlutfall notenda í einstökum stofnunum eða tilvikum þurfi að ákveða sérstaklega og þá hvað Áfallatryggingasjóður sé stór þátttakandi í greiðslu fyrir þjónustu og hvað falli beint á sjálfa notendurna.

Miðað er við að Endurhæfing efh, það er hlutafélag á vegum Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins, annist vottun á gæðum úrræða til endurhæfingar, og hafi eftirlit með þeirri starfsemi.

## Veruleg breyting

Í kynningu á nýju hugmyndunum segir að þessar fyrirhuguðu breytingar á veikinda-, slysa- og örorkubótarétti hafi í för með sér umtalsverðar breytingar á réttarstöðu launafólks.

„Ef lítið er á helstu samningssvið innan ASÍ verður um að ræða aukinn rétt til launa eða bóta frá því sem nú er. Mesta breytingin verður vegna veikinda fyrsta árið, en réttur til bóta í langvarandi veikindum eða örorku mun einnig aukast frá því sem nú er,“ segir þar.

Samkvæmt hinu nýja kerfi er réttur öryrkjans bundinn við hinn nýja Áfallatryggingasjóð og samræmda sjúkra-

sjóði stéttarfélaganna fyrstu fimm árin og hafa þeir engan rétt annars staðar á þessum tíma.

Þegar þessi fimm ár eru liðin á sjóðfélagi að koma að jafngildi til lífeyrissjóðs og almannatryggingakerfis hafi endurhæfingin ekki tekist, en það þýðir að framreikniréttur hans miðast við tekjur fyrir orkutap- ið og reiknast frá þeim tíma. Þeir sem end-

vegna örorkulífeyris, endurhæfingarlífeyris, sjúkradagpeninga og slysatrygginga minnka samkvæmt áætlun um 1,24% af launasummu í heild, eða sem nemur 6 milljörðum króna.

Útgjöld lífeyrissjóða vegna örorkulífeyris eru talin minnka um 1,5% af launasummu á almennum markaði eða sem nemur 7,2 milljörðum króna.



Hugmyndir Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins fela í sér róttæka breytingu á núverandi örorkukerfi landsmanna.

urhæfast á fimm ára tímabilinu ávinna sér rétt til eftirlauna á sama hátt og nú er.

## Minni heildarkostnaður

Í minnisblaðinu er yfirlit um ávinning og kostnað, en þar segir:

Áætlað er að útgjöld atvinnurekenda í nýju veikindaréttarkerfi minnki um tæplega 0,3% af launasummu á almennum markaði eða sem nemur 1.300 milljónum króna á verðlagi ársins 2005.

Nýtt kerfi áfallatrygginga mun samkvæmt áætlun auka útgjöld sjúkrasjóða úr 0,48% af launasummu félagsmanna ASÍ í 1,24% eða um 700 milljónir árlega.

Útgjöld Tryggingastofnunar ríkisins

*Söfnunarsjóðurinn er með einna hæst hlutfall kvenna og færi því verr út úr breytingunni en sumir aðrir lífeyrissjóðir*

Útgjöld Áfallatryggingasjóðs í nýju kerfi, sem tryggir 60% tekna í allt að fimm ár, auk kostnaðar við eigin rekstur, endurhæfingarúrræði, mat á vinnugetu og einstaklingsbundna þjónustu, eru áætluð 2,13% af launasummu í heild eða sem nemur 10,2 milljörðum króna.

Í heild er áætlað að þjóðfélagið spari sem nemur 0,65% af launasummunni, 3,6 milljörðum króna, vegna umræddra breytinga á veikinda- og örorkubótarétti með aukinni áherslu á endurhæfingu og aukinni virkni.

## Örlátara en strangara

Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins lýsir þessum hugmyndum sem merkilegri samfélagslegri tilraun. Hann segir meðal annars:

„Fyrirtækin spara með því að veikindaréttur hjá þeim stytst og verður tveir mánuðir á föstum launum. Þessi sparnaður verður nýttur með því að auka framlög til sjúkrasjóða verkalýðsfélaga sem fá nýtt hlutverk í framkvæmd og skipulagningu þjónustunnar við þá sem verða fyrir áföll-

# Markmiðið er endurhæfing

**Grunnhugsunin að baki hugmyndum Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins - að leggja áherslu á endurhæfingu í stað örorku - er engan veginn ný af nálinni í nágrannalöndum okkar. Gaman er að geta þess að Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjúkraliðafélagsins, vakti sérstaka athygli á þessari hugsun fyrir hátt í fjórtíu árum, eins og lesa má í grein sem hann birti í dagblaðinu Tíminn 12. apríl 1970, en þar segir um endurhæfingu:**

Um það geta allir orðið sammála að þörf einstaklingsins til þess að vinna fyrir sér og sínum er honum eðlislæg og langvarandi aðgerðarleysi getur orðið honum og samfélaginu til óbætanlegs tjóns, er engar ölmusugreiðslur geta bætt. Ljósasta dæmið um þessi gömlu framfærslusjónarmið er örorkumat og greiðslur í þeirri mynd sem nú tíðkast, er ég tel vera til skamrar fyrir þjóð sem álitid er að búi í velferðarriki. Stóran hluta þess fólks sem nú er á örorkubótum og hefur skerta starfskrafta mætti endurhæfa til ýmissa starfa. Og gætum við tekið

nágrannaþjóðir okkar til fyrirmyndar í meðferð þessara mála að ýmsu leyti. Í Noregi segir til dæmis í formála að lögum um örorku: Markmið þessarar löggjafar er fyrst og fremst það, að gera öryrkjum kleift að taka á ný þátt í atvinnulífinu og ætluin er að örorkulífeyrir veitist því aðeins að fullvist sé, að um endurhæfingu sé ekki að ræða, og reka norsku tryggingarnar nokkrar endurhæfingarstöðvar í þessum tilgangi. Á meðan á rannsókn og endurhæfingu stendur er umsækjandanum greiddir dagpeningar auk annars kostnaðar, sem af þessu leiðir. Telja Norðmenn sig hafa náð 80-85% árangri með þessu móti. Endurhæfingarstöð sem þessa teldi ég að Tryggingarnar ættu að reka sjálfar eða í samráði við þau öryrkjabandalög sem starfandi eru hér. Einstaklingi sem notið hefði endurhæfingar ætti stofnunin að hafa forgöngu um að koma til starfa. Hefur reynsla erlendis sýnt að í flestum tilfellum hefur fólk er notið hefur endurhæfingar reynst betri starfskraftur en heilbriggt fólk.

um og greiða auk þess hluta af framfærslugreiðslum. Stærsta stöðin í hinu nýja fyrirkomulagi verður nýr sjóður, Áfalla-tryggingasjóður, sem sér um grunnframfærslugreiðslur, stýrir þjónustunni og greiðir kostnaðinn við hana. Áfalla-tryggingasjóður verður undir sameiginlegri stjórn vinnuveitanda og verkafólksheyringarinnar með sambærilegum hætti og lífeyrissjóðirnir hafa verið.

Þeir útreikningar sem byggt er á við gerð hins nýja fyrirkomulags sýna að lækkun á örorkutiðni í kringum 30% þýðir að það verður kostnaðarminna fyrir atvinnulífið og samfélagið en núverandi kerfi.

Framfærslugreiðslur í hinu nýja fyrirkomulagi verða heldur hærri en nú er, en miklu munar að við að skilgreina vinnugetu í stað örorku er ekki gert ráð fyrir sérstökum tekjutengingum á greiðslum. Þess í stað er staða og vinnugeta viðkomandi endurmetin reglulega og vonandi ná sem flestir fullri vinnugetu sem fyrst. Í stuttu máli má segja að hið nýja fyrirkomulag verði örlátara en nú er, en jafnframt strangara og miklu meira hvetjandi fyrir einstaklinginn.“

## Andstaða Öryrkjabandalagsins

Öryrkjabandalagið hefur lýst andstöðu sinni við þessar hugmyndir Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins.

Í aðalfundarályktun Öryrkjabandalags Íslands, sem einróma var samþykkt þann 6. október síðastliðinn, segir:

„ÖBÍ hafnar alfarið hugmyndum sem fulltrúar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins hafa kynnt um sérstakt tryggingakerfi fyrir hluta landsmanna. Jafnframt varar ÖBÍ við hugmyndum sem miða að einkavæðingu almanna-trygginga, sem er augljós ávisun á mismun.“

Á sameiginlegum fundi réttindanefndar og lífeyrisnefndar BSRB sagði Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ, að ef hugmyndir ASÍ og SA næðu fram að ganga væri það alvarlegasta atlagið að almanna-tryggingakerfinu á Íslandi frá því það var sett á laggirnar 1936, en um væri að ræða nýtt framfærslukerfi til hliðar við almanna-tryggingakerfið. Hann varaði við því að ef þessar hugmyndir yrðu að veruleika yrði við lýði í landinu kerfi mismununar; annars vegar væru þeir sem tengdust þeim hluta vinnumarkaðarins sem aðild ættu að þessu fyrirkomulagi og síðan hinir sem þar stæðu fyrir utan. Lagði Sigursteinn áherslu á að stefnt yrði í gagnstæða átt, það er að stórfela almanna-tryggingakerfið og einfalda það til muna.

## Mismunandi áhrif á lífeyrissjóði

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda fól tryggingafræðingi að kanna áhrif þessara hugmynda á rekstur lífeyrissjóða og þá sérstaklega Söfnunarsjóðs. Hann komst að þeirri niðurstöðu að þetta nýja kerfi myndi gerbreyta samkeppnisstöðu lífeyrissjóðanna:

„Við þær aðstæður mundi kynskipting í sjóðunum ráða réttindatöflum þeirra næstum alfarið, en mismunandi makalífeyrisréttindi vega tiltölulega lítið í þessu sambandi, sem og mismunandi kostnaðarhlutfall. Þeim mun hærra hlutfall iðgjalda frá konum þeim mun lægri yrði réttindataflan,“ segir sérfræðingurinn og minnir á að Söfnunarsjóðurinn sé með einna hæst hlutfall kvenna og færi því verr út úr breytingunni en sumir aðrir lífeyrissjóðir.

Tryggingafræðingurinn gerði einnig ýmsar athugasemdir við útreikninga í greinargerð sanningsaðila og taldi sumt þar á misskilningi byggt.

## Samráðsnefnd borgarinnar

**Heildarsamtök launafólks, BSRB, ASÍ, BHM og KÍ, hafa gert samkomulag við Reykjavíkurborg um samráð og upplýsingamiðlun vegna starfsmanna hjá borginni.**

„Með samkomulaginu vilja aðilar koma á skilvirku samráði með hagsmuni beggja aðila, Reykjavíkurborgar og starfsmanna hennar, að leiðarljósi. Með upplýsingamiðlun og samráði gefst tækifæri til að auka þátttöku fulltrúa starfsmanna í ákvörðunum sem geta varðað atvinnuöryggi starfsmanna, svo sem vegna breytinga á stjórnkerfi eða fyrirkomulagi á þjónustu borgarinnar,“ segir í samkomulaginu sem var undirritað 29. ágúst síðastliðinn.

Sett er á laggirnar sérstök samráðsnefnd skipuð fjórum fulltrúum Reykjavíkurborgar og fjórum fulltrúum heildarsamtaka starfsmanna, og þar fer samráðið fram. Þessi samráðsnefnd fjallar einnig um réttindi og skyldur starfsmanna.

Almennt er miðað við að borgin veiti fulltrúum starfsmanna í samráðsnefndinni upplýsingar svo snemma í ákvörðunarferlinu að þeim gefist færi á að kynna sér þær og taka afstöðu til þeirra áður en endanleg ákvörðun liggur fyrir, þannig að unnt sé eftir atvikum að taka tillit til málefna legra sjónarmiða þeirra.

Könnun sýnir mikinn kynbundinn launamun hjá borginni

# Karlar með 19,2% hærri laun en konur


Félagsvísindadeild Háskóla Íslands fullyrðir að niðurstöður nýrrar kjarakönnunar, sem stofnunin gerði fyrir Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar, leiði í ljós mikinn kynbundinn launamun hjá borginni. Að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs, menntunar, starfsstéttar og vinnutíma eru konur með 16,1% lægri laun en karlar, en ef spurt er hversu miklu hærri laun karlar hafi miðað við konur er svarið 19,2%, segir í skýrslunni.

Á síðastliðnum árum hefur starfsmannafélagið í samstarfi við Reykjavíkurborg og fleiri stéttarfélag, sem semja við borgina, lagt mikla vinnu í samræmt starfsmatskerfi. Markmið með starfsmati er að meta störf með einu heildstæðu matskerfi og greiða jöfn laun fyrir jafn verðmæt störf. Þessi þáttur í könnuninni ætti því að gefa félaginu glögga mynd af því hvernig til hefur tekist segir í formála skýrslunnar.

## Helstu niðurstöður

Í þessari skýrslu Félagsvísindastofnunar eru helstu niðurstöður kjarakönnunarinnar dregnar saman sem hér segir:

- Leiðréttur kynbundinn launamunur á grunnlaunum er 1,5% og er ekki marktækur.
- Leiðréttur kynbundinn launamunur á heildarlaunum er 16,1%. Með öðrum orðum, að teknu tilliti til aldurs, starfsaldurs, menntunar, starfsstéttar og vinnutíma eru konur með 16,1% lægri laun en karlar. Ef spurt er hversu miklu hærri laun karlar eru með miðað við konur er svarið 19,2%.
- Menntun hefur meiri áhrif á laun kvenna en karla. Karlar með grunnskólamenntun eru með svipuð meðalheildarlaun og konur með háskólamenntun á framhaldsstigi.
- Heildarlaun karla og kvenna eru ólíkt samsett. Grunnlaun kvenna eru 80% heildargreiðslna, en grunnlaun karla eru 60% heildargreiðslna.
- Hærra hlutfall heildarlauna karla eru vaktálagsgreiðslur. Það leiðir líkum að því að karlar vinni frekar um kvöld og um helgar, en slíkt þarf að taka til greina í þeim launakönnunum sem á eftir fara.
- Konur fá helming þess fæðisfés sem karlar fá.



Myndin sýnir hvernig heildarlaun karla og kvenna voru samsett óháð starfshlutfalli. Myndin sýnir heildar meðalgreiðslur fyrir hvern launþátt, óháð því hvort allir fengu greiðslur í tilteknum flokki eða ekki. Samsetning heildarlauna var nokkuð ólík eftir kyni. Dagvinnulaun kvenna voru um 80% heildargreiðslna til þeirra en sambærileg tala fyrir karla var 60%. Yfirvinna var mun stærri þáttur í heildargreiðslum til karla en til kvenna og átti það bæði við um unna, breytilega yfirvinnu og fastar yfirvinnugreiðslur. Einnig vógu vaktálag, akstursgreiðslur og aðrar greiðslur þyngra í meðalheildargreiðslum karla en kvenna.

- Karlar fá marktækt fleiri fasta yfirvinnutíma en konur. Konur í fullu starfi fá 60% af föstum yfirvinnulaunum karla í fullu starfi.

## „Ómarktækt“ segir borgin

Sjúkraliðinn leitaði álits Halls Páls Jónssonar, mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar á þessum niðurstöðum Félagsvísindastofnunar. Hann fullyrðir að þær séu ómarktækar og færir fyrir því eftirfarandi rök:

„1. Könnunin sýnir að það er enginn kynbundinn munur á grunnlaunum karla og kvenna í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar (StRv) sem starfa hjá Reykjavíkurborg. Það er niðurstaða sem aðilar starfsmatsins, Reykjavíkurborg og fjölmörg stéttarfélag sem aðild eiga að því, gátu gefið sér fyrirfram!

2. Ef hugsanlegur kynbundinn launamunur er til staðar hjá þessum hópi starfsmanna, þá er hann sannanlega ekki vegna

starfsmats, heldur mögulegra ómálefna- legra einstaklingsbundinna greiðslna sem hafa ekkert með starfsmat að gera! Þetta er mikilvægt að komi fram.

3. Niðurstaða könnunarinnar um meintan kynbundinn launamun hjá Reykjavíkurborg er ómarktæk og stafar það af meinlegum villum við forsendur, framkvæmd og mat á niðurstöðum. Því er haldið fram að 14,9% kynbundinn launamunur sé á heildarlaunum hjá félagsmönnum StRv hjá Reykjavíkurborg, en inni í þeirri tölu hefur t.d. verið reiknað með fæðisfé og öðru sem hefur ekkert með ómálefnalegar greiðslur að gera. Fæðisfé er greitt þeim starfsmönnum sem hafa ekki aðgang að mótuneyti! Þegar sá þáttur einn er tekinn út lækkar umrædd tala niður í 8,2%! Sama má segja um álagsgreiðslur og fleiri launategundir sem ekki geta falið í sér ómálefnalega mismunum í launum.

4. Önnur meinleg villa við framkvæmd könnunarinnar er sú að viðmiðunartímabil

# Sjúkraliðar á höfuðborgarsvæðinu krefjast aðgerða

## Róttækar umbætur nauðsyn

„Fundur Reykjavíkurdeildar sjúkraliða vekur athygli á að mikill skortur á hjúkrunarfólki og auknið álag vegna mannfæðar gerir kröfu til heilbrigðisráðherra um róttækar umbætur og aðrar aðgerðir til að gera starfsfólki sjúkrahúsanna kleift að gegna störfum sínum,” segir í ályktun sem samþykkt var á almennum fundi Reykjavíkurdeildar Sjúkraliðafélags Íslands þriðjudaginn 4. desember síðastliðinn.

Í samþykktinni vekur fundurinn athygli stjórnvalda á eftirtöldum leiðum til úrbóta:

„1. Sjúkraliðar krefjast þess af heilbrigðisráðherra að hann í samráði við fjármálaráðherra grípi til heimilda skv. gr. 1.3 í kjarasamningum félagsins og greiði sjúkraliðum „Sérstaka tímabundna umbun” vegna mikils vinnuálags og mannfæðar við hjúkrun og aðhlyningu í heilbrigðisþjónustunni.

Fundurinn bendir á að dómismálaráðherra hefur gripið til þess ráðs að beita tilvitnaðri heimild til almennrar hækkunar á launum lögreglumanna án tillits til stöðu eða staðsetningar. Örfriðarad sem ráðherra greip til í samráði við fjármálaráðherra til að leysa bráðavanda vegna vaxandi óánægju meðal löggæslumanna sökum mikils álags og mannfæðar.

2. Fundurinn hvetur stjórnendur sjúkrahúsanna og annarra heilbrigðisstofnanna til



Reykjavíkurdeild sjúkraliða krefst róttækra umbóta og aðgerða af hálfu heilbrigðisráðherra.

að bæta innra starf þeirra ef það mætti verða til þess að laða til starfasérmenntað heilbrigðisstarfsfólk sem leitað hefur á annan vettvang til að starfa á grundvelli menntunar sinnar og reynslu.

3. Fundurinn bendir á að til auðnar horfi í heilbrigðisþjónustu landsmanna verði ekki gripið til róttækra aðgerða til að laða ungt fólk til að mennta sig á heilbrigðissviði.

Fundurinn bendir á eftirtalin úrræði:

a. Ungu fólki gefist kostur á að mennta sig til hjúkrunarstarfa á launum.

b. Sjúkrahúsin og/eða sveitarfélögin taki

upp rekstur gjaldfrírra leikskóla sem miðaðir séu við þarfir vaktavinnufólks sem starfar allan sólarhringinn alla daga ársins.

c. Kjör sjúkraliða verði metin með tilliti til mikillar hjúkrunarþyngdar sem fer stöðugt vaxandi, aukins álags og ofbeldis sem orðið er hluti af daglegri önn starfsfólks heilbrigðisþjónustunnar.

d. Vinnutími vaktavinnufólks verði stytur í 32 klukkustundir án skerðingar á launum.

e. Sjúkraliðum gefist kostur á að hætta störfum 65 ára án skerðingar á eftirlaunum.”

yfirvinnu er 11. desember til 10. janúar. Það er tímabil sem ekki er dæmigert fyrir alla mánuði ársins og felur því í sér skekkju.

5. Í úrtaki könnunarinnar voru 564 starfsmenn StRv hjá Reykjavíkurborg, af þeim u.þ.b. 2.900 sem starfa hjá RVK, eða um 19% félagsmanna. Könnunin var símakönnun þar sem starfsmenn lásu upp af launaseðli, og því var ekki byggt á raungögnum úr launakerfi, ekki miðað við laun allra, né heldur var tekið fyrir lengra tímabil en einn mánuður. Þessi aðferð er villandi.

6. Niðurstöður um heildarlaun segja fyrst og fremst til um mismunandi vinnu-magn eftir störfum, starfsstéttum og kynjum. Það eru ekki nýjar upplýsingar að karlar vinni lengri vinnudag en konur, eða að í sumum starfsstéttum sé yfirhöfuð ekki unnin yfirvinna (t.d. leikskólum) vegna eðli starfseminnar, meðan krafist er talsverðrar yfirvinnu í öðrum störfum, ekki hvað sist nú á tímum þegar talsverður skortur hefur verið á starfsfólki á mörgum vinnustöðum. Þegar rætt er um kynbundinn launamun, er oftast lagður sá skilningur í orðin, að um sé að ræða ómálefnalega kynbundna mismunun í launum. Vinnu-magn hefur hins vegar ekkert með það að gera.”

### Rannsókn í gangi

„Reykjavíkurborg hefur á undanförunum árum lagt metnað sinn í að útrýma kynbundnum launamun, þar sem hann kann að finnast. Starfsmatið er mikilvægasta tækið í þeirri viðleitni og um það hefur náðst góð samstaða með fjölmörgum stéttarfélagum. Þá hefur Reykjavíkurborg sett fram skýrar reglur um framkvæmd fastlaunasamninga, sem tryggja eiga að mat á fastri yfirvinnu starfsmanna sé byggt á málefnalegum forsendum og þær endurskoðaðar árlega. Óheimilt er til dæmis með öllu að greiða starfsmanni bæði fasta og tímamældu yfirvinnu: Annað hvort hefur starfsmaður fastlaunasamning eða hann fær greidda yfirvinnu samkvæmt tímamælingu. Hið sama á við um akstursamninga sem miða að því að greiða starfsmönnum kostnað vegna notkunar eigin bíls í þágu vinnuveitanda. Yfir framkvæmd þessara tveggja atriða er sérstaklega vakað af hálfu Mannauðsskrifstofu.

Á undanförunum mánuðum hefur verið unnið að umfangsmikilli rannsókn á því hvort ómálefnalegar launagreiðslur eigi sér stað hjá Reykjavíkurborg. Sú rannsókn mun ná til síðustu ára og tekur til allra launagagna borgarinnar. Verða niðurstöður kynntar starfsmönnum og stéttarfélagum eftir fáeina mánuði,” segir Hallur Páll.



## Vaktabókin 2008 komin

Nýja Vaktabókin fyrir árið 2008 er komin út og verður send öllum félagsmönnum Sjúkraliðafélags Íslands án endurgjalds.

Eins og undanfarin ár hefur Reykjavíkurdeild Sjúkraliðafélagsins haft forgöngu um útgáfu og efnisöflun í vaktabók fyrir félagsmenn. Í bókinni eru margvíslegar upplýsingar um réttindi sjúkraliða eins og þau eru ákveðin í kjarasamningum félagsins, reglugerðum stjórnvalda og lögum um réttindi og skyldur stéttarinnar.

Bókin verður send öllum félagsmönnum, en einnig er hægt að nálgast hana á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 16, 108 Reykjavík, símar 553 9493 og 553 9494, fax 553 9492 og netfang gunnar@slfi.is

## Heilbrigðisráðherra í viðtali við Sjúkraliðann

# Launin eru oft lág

„Það er mikilvægt að eiga gott samstarf við til dæmis sjúkraliða til að fara nákvæmlega ofan í þau atriði, önnur en launin, og freista þess að ná góðri niðurstöðu um mál sem eru á mínu forræði. Ég ítreka að launin eru án efa stór þáttur en það eru mjög mörg atriði önnur sem skipta gríðarlega miklu máli í hvunndeginum og ég er tilbúinn til viðræðna um þau við forystumenn sjúkraliða,” segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra í viðtali við Sjúkraliðann.

Nýjar áherslur fylgja nýrri ríkisstjórn og nýjum ráðherrum. Tíðindamaður Sjúkraliðans lagði þess vegna nokkrar spurningar fyrir Guðlaug Þór um stefnu hans í heilbrigðismálum.

### Árangur efst í huga

- *Að undanfögnu hefur ráðherra skipað margar nýjar nefndir til að endurskoða ýmsa þætti heilbrigðiskerfisins. Hvaða breytingar eru það helst sem heilbrigðisráðherra vill gera á heilbrigðiskerfinu?*

„Útgangspunktur minn er, eins og fram kemur í sáttmála ríkisstjórnarinnar, að á Íslandi sé veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmeiliskvarða,” svarar Guðlaugur Þór. „Með því að setja sér skýr og háleit markmið náum við árangri í heilbrigðisþjónustunni, en það er einmitt árangurinn sem mér er efst í huga. Fyrst og fremst faglegur árangur, en ekki síður rekstrarlegur. Íslendingar hafa lagt sig fram um að byggja upp heilbrigðisþjónustu sem við getum verið stolt af og stenst samanburð við það besta í löndum sem við viljum bera okkur saman við, en ég tel við getum gert enn betur.

Það er mín skoðun að eitt af lyklatríðunum í því að bæta þjónustuna sé að taka upp blandaða fjármögnun í heilbrigðisþjónustu þar sem fjárframlag fylgi sjúklingum. Þetta breytir heilbrigðisþjónustunni. Þannig verður tryggt að heilbrigðisstofnanir fá fé í samræmi við þörf og fjölda verkanna sem unnin eru. Í þessu sambandi er afar brynt að leggja frekari áherslu á að kostnaðargreina heilbrigðisþjónustuna því greining af því tagi er í raun undirstaða blandaðrar fjármögnunar sem hér er talað um.

Það þarf líka að skapa svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustunni, meðal annars með útboðum og þjónustusamningum. Slíkt yrði veruleg breyting. Forsenda þessarar breytingar er hins vegar sú að sjálf-sögðu að hafa það að leiðarljósi að efnahagur fólks komi ekki í veg fyrir að það geti nýtt þjónustuna.”

### Áhrifin á fagstéttir óbein

- *Hvaða áhrif munu þær breytingar hafa fyrir sjúkraliða og aðra starfsmenn við hjúkrun?*



Guðlaugur Þór Þórðarson, heilbrigðisráðherra: Tilbúinn til viðræðna um mál sem eru á mínu forræði.

„Í fljótu bragði munu þær breytingar sem ég nefni hér ekki hafa bein áhrif á sjúkraliða og þau mikilvægu störf sem þeir sinna í sjálfu sér. Breytt fjármögnun þjónustunnar og blandað rekstarform trúi ég hins vegar að geti haft nokkur óbein áhrif á alla þá sem sinna heilbrigðisþjónustunni burtséð frá því hvort menn sinna lækningum eða hjúkrun. Ég sé fyrir mér að allt umhverfið í skilningi fjármögnunar verði bæði einfaldara og að mörgu leyti eðlilegra sem hlýtur að hafa áhrif á alla sem sinna heilbrigðisþjónustunni. Ég bind til dæmis vonir við að í svona kerfi verði hugsanlega hægt að umbuna þeim sem leggja mest af mörkum í vinnu sinni og ég vonast líka til að í einfaldari fjármögnun og rekstri felist að menn reyni að nýta þann auð sem býr í heilbrigðisstarfsfólkinu sjálfu.”

- *Hugmyndir eru um tilflutning verkefna milli ráðuneyta. Munu þær breytingar hafa áhrif á störf og starfsvettvang sjúkraliða?*

„Ég ítreka að launin eru án efa stór þáttur en það eru mjög mörg atriði önnur sem skipta gríðarlega miklu máli í hvunndeginum og ég er tilbúinn til viðræðna um þau við forystumenn sjúkraliða”

„Sjálf störf sjúkraliða munu ekki breytast í eðli sínum við breytingarnar sem ég og ríkisstjórnin boðum. Starfsvettvangur þeirra kann hins vegar að breytast þegar aðstæður breytast, en ég get svo sem ekki sagt fyrir um hvernig. Ég lít á sjúkraliðastarfið sem afar mikilvægt á hjúkrunar- og umönnunarstigi heilbrigðisþjónustunnar en ég held að aukin menntun og auknar kröfur um þverfaglega teymisvinnu muni í framtíðinni hafa meiri áhrif á starfsvettvang sjúkraliða en þær miklu stjórnkerfisbreytingar sem hér er spurt um,” segir heilbrigðisráðherra.

### Launin eru oft lág

- *Mannekla í hjúkrun er mikið og vaxandi vandamál, ekki síst við umönnun aldraðra, og þar hafa lág laun veruleg áhrif. Til hvaða úrræða þarf að grípa til að fjölga sjúkraliðum og öðru fagfólki í hjúkrun?*

„Það er vissulega rétt sem fullyrt er í spurningunni: Laun í umönnunarstörfum eru oft lág. Það er líka rétt sem fullyrt er að laun ráða oft miklu um þann starfsvettvang sem menn kjósa sér. Launin eru þó fráleitt eina atriðið sem hefur hér áhrif án þess ég sé að gera lítið úr mikilvægi launanna. Það er mikilvægt að eiga gott samstarf við til dæmis sjúkraliða til að fara nákvæmlega ofan í þau atriði, önnur en launin, og freista þess að ná góðri niðurstöðu um mál sem eru á mínu forræði. Ungt fólk sem er að velja sér starfsvettvang, velja sér nám, eða ákveða hvar það ætlar að hasla sér völl á vinnumarkaði, það held ég taki mið af slíkum hlutum fyrir utan launamálin þegar það ákveður hvernig það ætlar að innréttu líf sitt. Ég ítreka að launin eru án efa stór þáttur en það eru mjög mörg atriði önnur sem skipta gríðarlega miklu máli í hvunndeginum og ég er tilbúinn til viðræðna um þau við forystumenn sjúkraliða.

Mönnunarvandinn í heilbrigðisþjónustunni, eða í umönnunarstörfum almennt, er mikill. Allar þjódir glíma við þennan sama vanda sýnist mér og mönnunarvandinn á sér mjög djúpar og flóknar skýringar.

Ef um einfalt mál væri að ræða væru menn búnir að leysa það víða um lönd þar sem vandinn er meiri en hér á landi. Ég held að þessi vandi verði ekki leystur í brád nema með því að hlusta á starfsmennina sjálfa, en í lengd, og þá er ég að horfa til næstu þrjátíu til fjörtíu ára, þá held ég að við verðum að hugsa alla þessa þjónustu upp á nýtt. Lykilatriðið til að finna lausnir er hins vegar að leiða saman þá sem veita þjónustuna, starfsmennina, þá sem njóta hennar og þá sem greiða fyrir hana með einum eða öðrum hætti. Lausnirnar liggja í samkomulagi eða sátt þessara aðila,” segir Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra.

# Launauppgjör eiga að vera endanleg

„Í íslenskum rétti gildir meginregla um að þeir sem fá fyrir mistök greidda peninga sem þeir eiga ekki rétt til skuli endurgreiða þá. Frá þessari reglu verður þó að gera undantekningar eftir því hver atvik eru að ofgreiðslunni og endurkröfu hennar,“ segir Hæstiréttur í nýlegum dómi þar sem því var hafnað að Landsbankinn gæti endurkrafði starfsmann fyrirtækis úti í bæ vegna ofgreiddra launa sem bankinn hafði fært inn á reikning hans fyrir mistök.

Málavextir voru í stuttu máli sem hér segir:

## Of mikið lagt inn

Þann 23. apríl 2002 lagði vinnuveitandi 121.314 krónur inn á innlánsreikning eins starfsmanna sinna. Vinnuveitandinn hafði með bréfi til Landsbankans, þar sem starfsmaðurinn hafði innlánsreikning, óskað eftir því að bankinn legði 27.242 krónur inn á reikning starfsmannsins og 94.072 krónur inn á reikning annars starfsmanns fyrirtækisins. Tölurnar tvær voru tilgreindar í talnadálki í bréfinu og samtala þeirra 121.314 krónur einnig. Fyrir mistök bankans var sú fjárhæð öll lögð inn á reikning umrædds starfsmanns og bankareikningur vinnuveitandans skuldfærður fyrir allri fjárhæðinni, sem lögð hafði verið inn á reikningana tvo, það er 215.386 krónum.

Samkvæmt gögnum málsins óskaði vinnuveitandinn eftir því með bréfi til bankans rúnum tveimur árum síðar, 7. október 2004, að fá endurgreitt það sem ofgreitt hafði verið til starfsmannsins. Varð bankinn við því og lagði 94.072 krónur inn á bankareikning vinnuveitandans 14. október 2004. Með bréfi til starfsmannsins meira



Hæstiréttur telur að móttakendur launa hafi ríka hagsmuni af því að launauppgjör séu endanleg, þar sem laun nýtast almennt til framfærslu og neysluþarfa.

en hálfu ári síðar, 8. júní 2005, endurkrafði bankinn hann um fjárhæðina ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði. Starfsmaðurinn svaraði með tölvubréfi 13. sama mánaðar og sagði kröfuna hafa komið sér á óvart. Kvaðst hann ekki vita betur en hann hefði unnið fyrir þeim launum sem hann hefði fengið greidd 23. apríl 2002.

Svo fór að Landsbankinn fór í mál og hafði betur í héraðsdómi þar sem starfsmanninum var gert að greiða bankanum 94.072 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 8. júlí 2005 til greiðsludags.

## Snúið við í Hæstarétti

Hæstiréttur sneri þessum dómi við 13. september síðastliðinn, með eftirfarandi rökum:

Í íslenskum rétti gildir meginregla um að þeir sem fá fyrir mistök greidda peninga

sem þeir eiga ekki rétt til skuli endurgreiða þá. Frá þessari reglu verður þó að gera undantekningar eftir því hver atvik eru að ofgreiðslunni og endurkröfu hennar. Í því tilviki sem hér um ræðir liggur fyrir að um var að ræða launagreiðslu til áfrýjanda (starfsmannsins) sem stefndi (Landsbankinn) hafði tekið að sér að annast fyrir vinnuveitanda hans með millifærslu inn á reikning áfrýjanda hjá stefnda.

Móttakendur launa hafa ríka hagsmuni af því að launauppgjör séu endanleg, þar sem laun nýtast almennt til framfærslu og neysluþarfa. Jafnframt er ljóst að vinnuveitandi áfrýjanda annaðist útreikning launa hans og hlýtur, þegar eftir að greiðslan hafði átt sér stað, að hafa haft undir höndum upplýsingar um það sem aflaga hafði farið án þess að hafa gert athugasemdir við áfrýjanda. Í lögskiptum málsaðila ber stefndi þessa áhættu vinnuveitandans við launauppgjórið.

Fyrir liggur að áfrýjandi átti á árunum 2002 til 2005 í launadeilu við vinnuveitanda sinn sem fór fyrir dómstóla án þess að þar kæmi við sögu ágreiningur um ofgreiðslu þá sem um er fjallað í þessu máli. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að áfrýjandi hafi mátt vera ljóst að hann hefði fengið of háa greiðslu inn á bankareikning sinn. Þá liðu meira en þrjú ár frá því umdeild fjárhæð var lögð inn á reikning áfrýjanda þar til stefndi gerði reka að því að endurkrefja hann um hana, en áfrýjandi verður að teljast hafa haft ríka hagsmuni af því að krafa um leiðréttingu kæmi tafarlaust fram. Með hliðsjón af þessu öllu verður áfrýjandi sýknaður af kröfu stefnda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

# Miskabætur fyrir áminningu

Áminning samkvæmt 21. gr. laga nr. 70/1996 er mjög íþyngjandi stjórnvaldsákvörðun og verður að gera ríkar kröfur til stjórnvalds um sönnun fyrir því, að embættismaður hafi gerst sekur um þær ávirðingar, sem áminning er reist á, segir í dómi Hæstaréttar sem veitti lögreglumanni miskabætur fyrir áminningu sem honum var veitt.

Málavextir voru þeir að lögreglumanni var veitt áminning þar sem yfirmenn hans töldu hann hafa mætt ölvadan til vinnu. Hann freistaði þess að fá áminninguna fellda úr gildi og krafðist miskabóta. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að þar sem

yfirmenn lögreglumannsins hefðu ekki aflað sér fullnægjandi sönnunar um ölvunarástand hans í umrætt sinn hafi áminningin verið óréttmæt og var hún því felld úr gildi.

Dómstóllinn taldi áminninguna hafa verið til þess fallna að skaða æru lögreglumannsins, sem hafði starfað sem slíkur um áratuga skeið, og féllst á að hann ætti rétt til miskabóta.

Samkvæmt þessu telur Hæstiréttur að því aðeins sé heimilt að áminna starfsmann að vinnuveitandinn hafi aflað sér öruggra sannana fyrir þeim ávirðingum sem eiga að vera tilefni áminningarinnar.

## Sí- og endurmenntun BSRB og ASÍ

# Áhugi á nánara samstarfi

Á fundum vinnuhóps um sí- og endurmenntun innan BSRB með menntanefnd ASÍ kom fram áhugi á nánara samstarfi ASÍ og BSRB á sviði menntamála, til dæmis með þeim hætti að þessir aðilar sameinuðust um að gera sameiginlegar kröfur á stjórnvöld í fræðslumálum, einkum varðandi löggjöf um fullorðinsfræðslu, annað tækifæri til náms, í aðdraganda næstu kjarasamninga, segir í áfangaskýrslu starfsþópsins sem lögð var fram í haust.

Þar kom einnig fram vilji til að skoða alvarlega að efla samstarf á vettvangi sí- og endurmenntunar, til dæmis með því að stofna sameiginlega kennslumiðstöð á höfuðborgarsvæðinu og í því samhengi að horfa til núverandi símenntunarmiðstöðva samtakanna, Mímis og Framvegis. Einnig var áhugi á að skoða samstarf Fræðsluseturs atvinnulífsins og Starfsmenntar.

Hópurinn setti fram tillögur í sjö liðum um það sem hann telur að vinna eigi að á næstu mánuðum, og stefnir að því að skila endanlegri skýrslu um störf sín og tillögur eftir næstu kjarasamninga. Tillögurnar eru birtar í heild sinni hér til hliðar, ásamt rökstuðningi vinnuhópsins.

## Margar fræðslustofnanir

Vinnuhópurinn hóf starf sitt með því að kortleggja hvað er að gerast á sviði sí- og endurmenntunar hjá BSRB og ASÍ. Rætt var við fulltrúa úr menntanefnd ASÍ og farið í heimsóknir í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Mímir, sem tengjast ASÍ, til Framvegis og Starfsmenntar sem tengjast BSRB. Auk þess var fundað með formanni Kvasis, samtaka fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni, og rætt við formann Launanefndar sveitarfélaga.

Framvegis, miðstöð um símenntun er sjálfstætt fræðslufyrirtæki í eigu Verzlunarskóla Íslands, BSRB, SLFÍ, SFR og St.Rv. Framvegis hefur fram að þessu lagt höfuðáherslu á símenntun stétta í heilbrigðis- og félagsþjónustu, en þjónusta við aðrar starfsstéttir eins og starfsfólk í skrifstofu-, verslunar- og þjónustustörfum kemur til með að verða stærri þáttur í starfsemi Framvegis á næstu misserum.

Fræðslusetrið Starfsmennt var stofnað árið 2001 til að sinna heildstæðri þjónustu á sviði endur- og símenntunarmála fyrir ríkisstofnanir og starfsmenn þeirra.

Hlutverk menntanefndar ASÍ er að hafa frumkvæði að stefnumótun ASÍ á sviði menntamála og fylgja eftir samþykktum miðstjórnar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins var stofnuð af Alþýðusambandi Íslands og Samtök-



Frá undirritun samkomulags Verzlunarskóla Íslands og BSRB um stofnun fyrirtækis um rekstur Framvegis, miðstöðvar um símenntun. Frá vinstri: Garðar Hilmarsson formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Kristín Á. Guðmundsdóttir formaður Sjúkraliðafélags Íslands, Árni Stefán Jónsson formaður SFR, Ögmundur Jónasson formaður BSRB, Jóhanna Arnórsdóttir þáverandi framkvæmdastjóri Framvegis, Sölvi Sveinsson skólastjóri Verzlunarskólans og Helgi Jóhannsson formaður stjórnar Verzlunarskólans.

um atvinnulífsins í desember 2002. Meginhlutverk Fræðslumiðstöðvarinnar er að efla framboð á námstilboðum fyrir fólk á vinnu- markaði með litla formlega grunnmenntun.

Mímir-símenntun er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands og starfar að fullorðinsfræðslu og starfsmenntun. Það hóf starfsemi sína 1. janúar 2003 við sameiningu Menningar- og fræðslusambands alþýðu og Mímis-Tómstundaskólans.

IDAN fræðslusetur ehf. varð til við sam-

runa fjögurra fræðslumiðstöðva í iðnaði og ferðaþjónustu vorið 2006.

Kvasir er fag- og hagsmunafélag fræðslumiðstöðva á landsbyggðinni en þær eru níu talsins. Þær eru sjálfseignastofnanir í eigu stéttarféлага, fyrirtækja eða samtaka þeirra, sveitarfélaga, framhaldsskóla, félaga og samtaka.

Félagsmálaskóli alþýðu er starfræktur af Alþýðusambandi Íslands og BSRB. MFA, Menningar- og fræðslusamband alþýðu, fer með rekstur og málefni skólans. Hlutverk hans er að auka þekkingu talsmanna stéttarféлага og efla þá í starfi til þess að þeir séu betur í stakk búnir að vinna að bættum lífskjörum launafólks.

## Sí- og endurmenntun sveitarfélaga

Aðildarfélag BSRB hafa samið við ríkið um greiðslur í þróunar- og símenntunarsjóði og um sérstakt framlag til reksturs Fræðslusetursins Starfsmenntar. Þá hafa Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Kjölur samið í kjarasamningi fyrir bæjar- og borgarstarfsmenn um greiðslur í starfsþróunarsjóði. Ekki er starfandi fræðslusetur fyrir þennan hóp félagsmanna. Sjúkraliðafélag Íslands samdi við sveitarfélögin um hækkun greiðslu í starfsmenntasjóði BSRB. Samflotið samdi um launaflokk fyrir sitt fólk í stað greiðslu í þar til gerða sjóði.

## Vinnuhópur

**Vinnuhópur um sí- og endurmenntun innan BSRB var skipaður á stjórnarfundum BSRB 30. mars 2007 samkvæmt ályktun 41. þings BSRB um fræðslumál. Eftirtaldir einstaklingar skipuðu hópinn:**

Arna Jakobína Björnsdóttir, formaður Kjalar, stéttarfélags starfsmanna í almannaþjónustu. Árni Stefán Jónsson, formaður SFR - stéttarfélags í almannaþjónustu. Ingunn Hafdis Þorláksdóttir, formaður Starfsmannafélags Seltjarnarness. Jakobína Þórðardóttir, varaformaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ og jafnframt formaður starfshópsins. Sigurður Á. Friðþjófsson er starfsmaður hópsins.



Sjö tillögur vinnuhóps um sí- og endurmenntun

# Margt mælir með einni fræðslumiðstöð

**1. Starfssvið og hlutverk fræðslunefndar verði mótað og skipunarbréf fyrir nefndina útbúið.**

Hópurinn telur að hlutverk nefndarinnar eigi fyrst og fremst að snúast um stefnumótun, en félögin og aðrir aðilar eigi að annast framkvæmdina.

**2. Skipuleggja sameiginlega trúnaðarmannafræðslu fyrir félögin og kanna betur aðkomu Félagsmálaskóla alþýðu að trúnaðarmannafræðslunni.**

Fræðslunefndin á að vinna að mótun trúnaðarmannafræðslu fyrir félögin og sjá um og hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Sérstaklega skal skoðað hvernig aðkoma BSRB félaganna og ekki síst Félagsmálaskóla alþýðu er að trúnaðarmannafræðslunni. Ein hugmynd er að búa til sameiginlegt vottað trúnaðarmannanám innan Félagsmálaskólans. Félögin sæju svo sjálf um að fræða sína trúnaðarmenn um það sem snýr beint að stéttarfélaginu og heildarsamtökunum BSRB.

**3. Kannaður verði samstarfsmöguleiki Starfsmenntar við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.**

Eins og Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur verið að þróast, þá er það eðlilegt að stór hluti atvinnulífsins sem er rekstur á vegum opinberra aðila komi að fræðslumiðstöðinni. Því er lagt til að könnuð verði aðild BSRB að Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og einnig hvort ríkið og sveitarfélögin hefðu áhuga á að koma að þeim rekstri. Ef þetta gengur eftir hlýtur að þurfa að skoða stöðu Fræðslusetursins Starfsmenntar, hvernig samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins verði háttáð eða hvort eigi að sameina þessar fræðslumiðstöðvar. Það er margt sem mælir með því að það verði ein Fræðslumiðstöð vinnumarkaðarins sem hefur á hendi mótun fullorðinsfræðslu, raunhæfnismats, náms- og starfsráðgjafar og starfsþróunarúræða ásamt öðru sem miðstöðvarnar hafa verið að fást við.

**4. Kanna möguleika á stofnun stórrar kennslumiðstöðvar á höfuðborgarsvæðinu.**

Í vinnu sinni hefur hópurinn orðið var við mikinn áhuga fyrir að stofnuð verði ein öflug kennslumiðstöð á höfuðborgarsvæðinu sem starfrækt verði af stéttarfélögum innan ASÍ og BSRB. Stofnun slíkrar kennslumiðstöðvar leiðir það af sér að félögin draga sig út úr



Sjúkraliðar á námskeiði um samningatækni í Munaðarnesi fyrir forystumenn stéttarféлага.

rekstri Mímis og Framvegis eða að þau ganga inn í hina nýju kennslumiðstöð. Lagt er til að kannað verði hvort áhugi er fyrir þessari hugmynd eins fljótt og audið er.

**5. Skoða áfram hvort BSRB og ASÍ fari fram með sameiginlegar kröfur á stjórnvöld í komandi kjarasamningum varðandi löggjöf um fullorðinsfræðslu og verulega fjármuni til hennar.**

Hópurinn leggur áherslu á að BSRB og ASÍ fari fram með sameiginlegar kröfur á stjórnvöld í komandi kjarasamningum varðandi löggjöf um fullorðinsfræðslu og að verulegir fjármunir fást til að framfylgja henni.

**6. Óska formlega eftir viðræðum við Launanevnd sveitarféлага um stofnun og framlag í þróunar- og símenntunarsjóði.**

Í kjarasamningum Launanevndar við starfsmannafélög sveitarféлага eru ákvæði um símenntunaráætlanir sem sveitarfélögunum ber að gera. Þar er kveðið á um að þau eigi að greina þörfina á hverjum vinnustað og með starfsþróunarsamtölum hjá hverjum starfsmanni. Þá eigi sveitarfélögin að gera tímasetta símenntunaráætlun til skemmri og lengri tíma lítið. Mjög misjafnt er hvernig

sveitarfélögin hafa framfylgt þessum símenntunaráætlunum.

Ljóst er að þarfir og starfsemi sveitarfélaganna er víðast áþekkt og því hlýtur að vera skynsamlegt að koma þessari þarfagreiningu og áætlanagerð á einn sameiginlegan vettvang. Þá þarf að hanna og framfylgja þeim úrræðum sem þarfagreiningin segir til um.

Óska þarf formlega eftir viðræðum við Launanevnd sveitarfélaganna um greiðslur í sjóði fyrir sí- og endurmenntun vegna starfsmanna sveitarféлага. Einnig hvort sveitarfélögin ættu ekki að starfrækja fræðslusetur eins og Starfsmennt eða að kanna aðild að Starfsmennt sem væri að öllu leyti mun skynsamlegra. Kanna þyrfti hug ríkisins til þeirrar hugmyndar ef af yrði. Þessi tillaga er sett fram í þeirri trú að félögin í Samflotinu muni fylgja þessari hugmynd eftir í kjarasamningum með því að semja um greiðslur í starfsþróunar- og símenntunarsjóði.

**7. Stefna á sameiginlega ráðstefnu um fræðslumál með ASÍ í haust sem byggi á kröfum bandalaganna á stjórnvöld um fullorðinsfræðslu.**

Í viðræðum við ASÍ kom fram hugmynd um að samtökin skipulegðu sameiginlega ráðstefnu um fræðslumál haustið 2007. Viðfangsefni hennar yrði að fjalla um hvernig byggja skuli upp kraftmikla fullorðinsfræðslu og eins hvernig stjórnvöld komi að þeirri uppbyggingu.

*Starfshópurinn lagði fram tillögur í sjö liðum ásamt rökstuðningi*

# Ítarleg námskeið fyrir trúnaðarmenn

Ákveðið hefur verið að trúnaðarmenn Sjúkraliðafélags Íslands taki þátt í ítarlegri trúnaðarmannafræðslu sem haldin verður á vegum BSRB og Félagsmálaskóla alþýðu. Fyrir sjúkraliða verður námið í þriggja daga lotum á hverri önn, alls fimm annir, og hefst á vorönn 2008.

„Mikilvægi trúnaðarmanna vegur sífellt þyngra í starfi inni á stofnunum og því er nauðsynlegt að mennta þá í fræðunum eins mikið og kostur er,” segir Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins.

Meðal þess sem farið verður yfir á vorönninni er vinnumarkaðurinn og verkalyðshreyfingin og störf og staða trúnaðarmanna á vinnustað, þar á meðal hvernig eigi að rannsaka mál sem upp koma og fylgja þeim eftir, vinnuaðferðir vegna umkvartana starfsmanna og samskipti á vinnustað.

Þeir trúnaðarmenn sem sækja þessi nám-



Eyrún Björk Valsdóttir, skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu sem sér um námskeið trúnaðarmanna.

skeið missa ekki laun í þessa daga ef þeir eiga vinnuskildu, en fá ekki greidda frídaga. Þegar haldin hafa verið slík námskeið á vegum Sjúkraliðafélagsins hafa trúnaðarmenn einnig fengið greiddan útlagðan ferðakostnað.

## 234 á póstlista

Trúnaðarmannasveit sjúkraliða er mjög fjölmenn. Samkvæmt lögum og reglum skal kjósa trúnaðarmann á vinnustöðum þar sem eru fimm starfsmenn eða fleiri. Margir sjúkraliðar eru á fámennari vinnustöðum og þar eru valdir félagslegir trúnaðarmenn sem tengiliðir við félagið. Á lista yfir trúnaðarmenn, varatrúnaðarmenn og aðra tengiliði innan félagsins eru 234 einstaklingar.

„Trúnaðarmenn eru útverðir félagsins og afar mikilvægur hlekkur í samskiptum félagsins við vinnustaðina,” segir Birna.

## Styrkur frá starfsmenntaráði

# Starfsþróun á Landspítala

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytisins hefur veitt 900 þúsund króna styrk til starfsþróunar sjúkraliða á Landspítalanum.

Markmið þessa verkefnis er fjórþætt:

- Að greina þarfir sjúkraliða á LSH hvað varðar starfsþróun.
- Að auka þekkingu, þjálfun og hæfni sjúkraliða.
- Að stuðla að aukinni starfsánægju og festu í starfi.
- Að stuðla að fjölgun sjúkraliða á LSH.

„Þessi vinna er komin í gang,” segir Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélagsins. „Stofnaður hefur verið stýrihópur innan LSH, en í honum eiga sjúkraliðar fulltrúa. Þar var ákveðið að taka fyrir tvö svið innan LSH, barnasvið og endurhæfingarsvið. Skipaðir hafa verið vinnuhópar sem í sitja sjúkraliðar sem starfa á þessum sviðum.

Næsta skref í þessari vinnu er þarfagreining á þessum sviðum og er verið að vinna spurningalista sem sendir verða á alla sjúkraliða starfandi á barna- og endurhæfingarsviði. Sjúkraliðar eru hvattir til að taka þátt í þessari greiningu, sem send verður út frafrænt, svo niðurstaðan gefi sem skýrustu mynd af störfum sjúkraliða.

## Heilsugæslustöðvarnar

# Námskeið fyrir sjúkraliða

Hafinn er undirbúningur að sérstökum námskeiðum fyrir sjúkraliða sem starfa á heilsugæslustöðvum.

Forsaga málsins er sú að í kjarasamningum Sjúkraliðafélags Íslands við ríkið árið 2001 var samið um greiðslu af hálfu ríkisins fyrir slík námskeið, en vegna ágreinings um framkvæmdina voru þeir fjármunir frystir. Um er að ræða fjórar milljónir króna.

Nú hefur náðst samkomulag um að nýta þessa peninga til að halda námskeið fyrir sjúkraliða sem starfa á heilsugæslustöðvum um allt land. Að sögn Birnu Ólafsdóttur, skrifstofustjóra Sjúkraliðafélagsins, er sérstakur ráðgjafi að skilgreina þörfina nánar og verða námskeiðin byggð á þeirri undirbúningsvinnu.

„Þetta verður góð viðbót við þá námskeiðsflöru sem fyrir er,” segir Birna.

# Hækkun styrkja vegna námskeiða

Stjórn Starfspróunarsjóðs SLFÍ hefur samþykkt að auka framlög til styrkja vegna námskeiða um 40 þúsund krónur yfir tveggja ára tímabil til viðbótar þeim 60 þúsundum króna sem sjúkraliðar eiga rétt á hjá Starfsmenntunarsjóði BSRB. Þessi breyting tók gildi 1. nóvember síðastliðinn og nær líka til námskeiða sem lauk í nóvember 2007.

Settar hafa verið eftirfarandi reglur um úthlutun styrkjanna:

- Styrkur er að hámarki kr. 40.000,- á tveggja ára tímabili. Skila þarf frumritum af kvittunum fyrir námskeiðs- eða skólagjöldum með umsókn.
- Styrkur greiðist eftir að réttur er fullnýttur úr Starfsmenntunarsjóði BSRB.
- Styrkur úr Starfspróunarsjóði SLFÍ er aðeins ætlaður til greiðslu námskeiða eða náms innanlands.
- Styrkir úr Starfspróunarsjóði SLFÍ eru ekki til greiðslu vísindaferða, námsferða eða ráðstefnuferða erlendis.
- Sjúkraliði sem sækir eins árs framhaldsnám í hjúkrun og atvinnurekandi greiðir ekki að fullu skólagjöldin fyrir, á rétt á að sækja um styrk til Starfspróunarsjóðs SLFÍ fyrir því sem á vantar að gjaldið hafi verið greitt að fullu.
- Styrkir Starfspróunarsjóðs SLFÍ eru til viðbótar kr. 60.000,- styrks úr



Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélags Íslands.

Starfsmenntunarsjóði BSRB og eru reglur hans óbreyttar.

- Sjúkraliðar eiga með þessari breytingu rétt á allt að 100 þúsund krónum í námsstyrki á tveggja ára tímabili.

# Framhaldsnám á háskólastig

Eins og undanfarin ár verður framhaldsnám í hjúkrun aldraðra á vorönn 2008, en ekki verður hægt að bjóða upp á nýtt framhaldsnám í hjúkrun á geðsviði á þeirri önn.

„Námsmöguleikar og breidd í námi hefur vaxið gífurlega á síðustu árum og það væri ábyrgðarlaust af félaginu að kanna ekki alla möguleika sjúkraliða í þeirri breytingu,“ segir Birna Ólafsdóttir, skrifstofustjóri Sjúkraliðafélags Íslands. „Stefnt er að því að framhaldsnám í hjúkrun geðsjúkra verði á háskólastigi sem diplómanám. Ætlunin er að námið verði fyrst í stað kennt í Fjölbrotaskólanum við Ármúla. Stjórnendur á geðsviði Landspítalans eru að vinna að tillögum um framhaldsnámið sem lagðar verða fyrir félagið og vonandi kemur eitthvað gott út úr því félaginu og stéttinni til eflingar og styrktar.“

## Hvað segir stjórnarsáttmálinn?

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Geirs H. Haarde, sem tók við völdum síðastliðid vor, er meðal annars fjallað um stefnu nýju stjórnarinnar í heilbrigðismálum. Sá kafli sáttmálans hljóðar svo:

Stefna ríkisstjórnarinnar er að á Íslandi sé veitt heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða. Leggja á stóru áherslu á forvarnir á öllum sviðum og stuðla að heilbrigðari lífsháttum. Leita á leiða til að lækka lyfjaverð og einfalda greiðsluþátttöku hins opinbera. Kostnaðargreina á heilbrigðisþjónustuna og taka upp blandaða fjármögnun á heilbrigðisstofnunum þar sem fjármagn fylgir sjúklingum. Þannig fái heilbrigðisstofnanir fjármagn í samræmi við þörf og fjölda verka. Skapað verði svigrúm til fjölbreytilegri rekstrarforma í heilbrigðisþjónustu, meðal annars með útboðum og þjónustusamningum, en jafnframt tryggt að allir hafi að henni jafnan aðgang, óháð efnahag.

Nauðsynlegt er að bregðast hart við aukinni vimefnavá með öflugri fræðslu og forvörnum, stuðningi við fjölskyldur í vanda, fjölbreyttum meðferðarúræðum og hertri löggæslu. Ríkisstjórnin leggur sérstaklega áherslu á að meðferðarúræði séu nægjanleg fyrir þá sem ánetjast vimefnum og tryggt sé að þjónusta á þessu sviði sé samþætt og markviss og gagnist öllum hópum sem á þurfa að halda. Fylgja þarf eftir áætlunum um uppbyggingu fangelsa.

## Reykjavíkurborg Nýjar reglur um tilkynningu veikinda

Á velferðarsviði Reykjavíkurborgar hefur verið tekin upp ný regla um tilkynningu starfsmanna vegna veikinda. Þar er starfsmönnum ætlað að tilkynna veikindi sín til yfirmanna en jafnframt til InPro þjónustustofnunar sem leggur mat á heilsufar starfsmanna og fylgist með því.

Félagi hefur leitað eftir áliti lögmanns félagsins, Harðar F. Harðarsonar, sem komist hefur að þeirri niðurstöðu að samkvæmt kjarasamningi sé ekki hægt að framvísa tilkynningarskyldu starfsmanns til þriðja aðila til móttöku og mati á veikindum hans.



Sjúkraliðarnir Svava Jensdóttir trúnaðarmaður, Kolbrún Hákonardóttir og Snæbjört Ýrr Einarsdóttir ásamt Margréti Ýrr Sigurgeirsdóttur hjúkrunarforstjóra.

# Lundur á Helli til fyrirmyndar

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur á Helli fékk 23. október síðastliðinn afhenta viðurkenningu Vinnueftirlits ríkisins sem fyrirmyndarfyrirtæki vegna framúrskarandi vinnuverndarstarfs á árinu 2007, og er það í fyrsta sinn sem hjúkrunarheimili fær þessa viðurkenningu.

Þegar Sjúkraliðinn heimsótti Lund á dögnum var starfsfólkið afar ánægt með þessa viðurkenningu. Rætt var við Margréti Ýrr Sigurgeirsdóttur hjúkrunarforstjóra og Svövu Jensdóttur, trúnaðarmann sjúkraliða. Margrét hefur starfað í fimm ár á Lundi, þar af eitt ár sem hjúkrunarforstjóri, en Svava í fjögur ár.

„Það kom fjögurra manna nefnd frá Vinnueftirlitinu í heimsókn hingað til að skoða staðinn og taka okkur í viðtöl,“ segir Margrét. „Þeir skoðuðu allt hérna og spurðu okkur í þaula. Þegar við fórum að svara þeim kom í ljós að það er ómeðvitað svo margt í gangi hjá okkur sem kom vel út í samanburði við aðra að það kom okkur sjálfum eiginlega á óvart.

Viðurkenningin var afhent við hátíðlega athöfn í Reykjavík og þar komu fram helstu ástæður þess að Lundur var valinn, þar á meðal að til þess að lyfta þungum byrgðum eru ætíð notuð hjálpartæki sem

## Bætum lífi við árin

**Markmið Lundar er að veita bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu þjónustu sem völ er á á hverjum tíma og styðjast við viðurkennd viðmið.**

Áhersla er lögð á að bera virðingu fyrir einstaklingnum og fyrri venjum hans og síðum, að hann og fjölskylda hans njóti trúnaðar og umhyggju í samskiptum. Ennfremur að styðja við bak einstaklingsins svo hann megi halda sjálfstæði, virkni, lífsgleði og reisn til æviloka.

heimilið er vel búð að. Einnig að allir starfsmenn fá fræðslu í líkamsbeitingu og unnið er eftir sveigjanlegu vaktakerfi sem nefnist „Time care“ en þar getur starfsfólkið valið sínar vaktir sjálft. Jafnframt að Lundur hefur sett sér heilsuefingarstefnu og efnir til heilsuviku fyrir starfsfólk einu sinni á ári þar sem lögð er áhersla á hollan mat og fenginn fyrirlestur um eitthvað heilsueflandi. Þá höfum við gefið út starfsmannahandbók þar sem fjallað er meðal annars um heilsuefingarstefnu, jafnréttisstefnu og fræðslu um líkamsbeitingu. Það kom einnig fram að Vinnueftirlitinu þótti mjög áhugavert að þrátt fyrir mikla manneklu í umönnunarstörfum er biðlisti eftir að komast í vinnu á Lundi og að hjá okkur er mjög lítil starfsmannaveita.”

### Þrjátíu ára dvalarheimili

Upphaflega stofnuðu sveitarfélögin Ásahreppur, Holtahreppur, Landmannahreppur og Rangárvallahreppur dvalarheimilið Lund sem tók til starfa árið 1978,

en haldið var upp á 30 ára afmælið 3. nóvember síðastliðinn. Sameinað sveitarfélag, Rangárþing ytra, er núna eigandi að Lundi ásamt Ásahreppi og skipa stjórn heimilisins. Þar eiga sæti Drífa Hjartardóttir formaður, Sigurbjartur Pálsson og Guðfinna Þorvaldsdóttir frá Rangárþingi ytra, Eyðis Indriðadóttir frá Ásahrepp og Snæbjört Ýr Einarsdóttir fyrir hönd starfsmanna.

Lundur var rekinn sem dvalarheimili eingöngu til ársins 1994. Á köflum voru yfir 30 heimilismenn þar, en frá upphafi var stefnt að því að Lundur yrði einnig hjúkrunarheimili og eftir langa baráttu var hjúkrunardeild opnuð í nýrri álmu árið 1994. Þegar hjúkrunardeildin var teiknuð var gert ráð fyrir að stækka mætti leguálmuna og hafa viðræður staðið yfir við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið um slíka stækkun sem orðin er mjög brýn. Frá árinu 2003 hefur heimilið verið á daggjöldum frá ríkinu.

„Við erum með 25 hjúkrunarrými, 4 þjónustu- eða dvalarrými og 3 hvíldarpláss,“ segir hjúkrunarforstjórinn. „Við erum að reyna að fá þessu breytt í 27 hjúkrunarrými og 3 hvíldarpláss þannig að Lundur verði eingöngu hjúkrunarheimili. Í eldri hlutanum er allt einbýli, en því miður eru enn 6 tvíbýli á hjúkrunardeildinni. Heimilisfólkið okkar er á aldrinum frá 50 til 98 ára og kemur að mestu leyti úr byggðunum hér í kring, en einnig tókum við fólk af sjúkrahúsum í tveggja til sex vikna hvíldarinnlögn. Flestir heimilismenn eru með mikla hjúkrunarþyngd.“

Allur þvottur á Lundi er þveginn á Rauðalæk, en á heimilinu er stórt eldhús sem útbýr einnig matarpakka fyrir heimaþjónustuna.

„Við erum að reyna að fækka þjónusturýmnum, en sá biðlisti lengist alltaf,“ segir Margrét. „Það vantar sárlega þjónustuíbúðir sem hægt væri að reka í tengslum við hjúkrunarheimilið. Slíkar íbúðir eru á deiluskipulagi og sveitarfélagið hefur verið að reyna að semja við framkvæmdaaðila um að reisa þær.“

### Vantar fleiri sjúkraliða

Starfsmenn á Lundi eru 48 talsins í mismunandi starfshlutföllum. Þar af eru 4 sjúkraliðar og 2 stúlkur sem eru í sjúkralið-



Vinavika með kaffihlaðborði og harmonikuspili var í fullum gangi á Lundi þegar Sjúkraliðann bar að garði.

anámi og útskrifast næsta vor. Hjúkrunarfræðingar eru fjórir með forstjóranum. Í umönnun eru 25 ófaglærðir starfsmenn, 5 eru í eldhúsinu og 3 í félagsstarfi.

## Hjúkrunin

### Markmið hjúkrunar á Lundi eru eftirfarandi:

Að veita hjúkrun sniðna að þörfum hvers og eins.

Að styðja einstaklinginn til sjálfshjálpar.

Að tryggja öryggi og vellíðan heimilisfólks.

Að efla og viðhalda lífsgæðum heimilisfólks.

Að viðhalda og treysta samband við aðstandendur.

Hjúkrun heimilisfólks á Lundi fer fram í svokallaðri teymisvinnu og að henni koma hjúkrunarfræðingar, sjúkraliðar og starfsfólk í aðhlyningu.

„Okkur vantar fleiri sjúkraliða, en þeir eru ekki á lausu,“ segir Margrét. „Ég myndi hiklaust bæta við sjúkraliðum ef þeir gæfust. Við vorum rosalega heppin að fá Svövu, en hún er eini sjúkraliðinn í 100% starfi. Þrír af sjúkraliðunum okkar taka sjálfstæðar vaktir á kvöldin og um helgar á móti okkur hjúkrunarfræðingunum og eru þá hópstjórar, en við erum á bakvakt. Starfsfólkið býr hér á svæðinu eða í næstu sveitarfélögum.“

Ólíkt því sem þekkest víðast hvar annars staðar á hjúkrunarheimilum eru fáir útlendingar í umönnun á Lundi og engir tungumálaerfiðleikar af þeim sökum. Og það er biðlisti ófaglærðs fólks sem vill komast í vinnu á heimilinu.

Læknisþjónusta er sótt til heilsugæslustöðvar Rangárþings og hafa lækarnir fastan viðverutíma á heimilinu.

### Góð aðstaða

Á jarðhæð Lundar er fullkomin sjúkrahjálfunaraðstaða með öllum helstu tækjum og æfingabekk, auk aðstöðu fyrir bakstra og nudd. Sjúkraþjálfari sinnir bæði heim-



Hjúkrunar- og dvalarheimilið Lundur á Hellu í Rangárþingi ytra.



Flestir heimilismenn á Lundi eru miklir hjúkrunarsjúklingar.

ilinu og héraðinu í heild. Starfsfólkið getur líka nýtt sér líkamsræktaraðstöðuna eftir fjögur á daginn.

Á sömu hæð er einnig aðstaða fyrir hárgreiðslu og fótisnyrting, en snyrtifræðingur kemur reglulega í heimsókn.

Kapella var vígð árið 2002 og þar eru haldnar guðsþjónustur, kistulagningar og skírnir sem sóknarprestarnir annast.

Handavinna er þrisvar í viku í stórri og bjartri iðjustofu heimilisins, en aðra daga er lestur, söngur og annars konar afþreying í setustofunni. Tveir starfsmenn sjá um félagslíf heimilisfólksins eftir hádegi. Einnig er starfandi veðurklúbbur á Lundi, með þátttöku fólks utan heimilisins.

Á aðalhæðinni er merkileg spjallstofa með margvíslegum gömlum gripum og húsgögnum. Þar hittast minningarhópar til að rifja upp fyrri tíma.

Fjögur kvenfélög eru starfandi á svæðinu og koma þau reglulega í heimsóknir fyrir jólin með skemmtiatriði, hugvekjur,

tertúr og annað til að hafa með kaffinu, og sum líka á vorin. Þá er boðið upp á lestur, söng og harmonikuspil í setustofunni.

### Góður starfsandi

Svava segir starfsandann á stofnuninni mjög góðan. Veittar eru viðurkenningar fyrir tíu ára starf og eins fyrir bestu mætinguna.

Skemmtinefnd starfsmannafélagsins er mjög virk. Starfsmenn fara saman í jólahlaðborð og í ferðalög, nú síðast í október var farið í óvissuferð til Reykjavíkur til að skoða hjúkrunarheimili í höfuðborginni, fara út að borða og síðan í leikhús. Mjög góð þátttaka var í þeirri ferð.

Á Lundi er kór skipaður heimilisfólki og starfsmönnum. Starfsfólkið hefur samið vinsæla texta við nokkur lög, nú síðast fyrir þritugsafmæli heimilisins, og mæltist hann vel fyrir meðal heimilismanna og starfsfólks.

## Starfsmannastefnan

**Starfsmannastefna Lundar felur í sér að þróa samvinnu að ákveðnu marki og á þeirri leið er leitast við að fara bestu leiðina, ekki endilega „mína leið eða þína“ þannig að allir vinni saman. Lögð er áhersla á að mynda traust á milli starfsfólks og virðingu fyrir viðhorfum annarra.**

Við hér á Lundi teljum þjónustu við skjólstaðinga okkar best borgið með því að þroska líðsældina og starfsfólkið vinni saman sem eitt teymi að settu markmiði, hvort heldur sem er innan hvernar deildar eða sem ein stofnun. Starfsmannastefna Lundar leitast við að upplýsa starfsfólk um mikilvægi þess að forðast kulnun í starfi með því að efla fræðslu meðal starfsfólks og vísa í ábyrgð einstaklinga á eigin líðan og lífi.

(Úr starfsmannastefnu Lundar)

## Ánægja í ljóðum

**Þegar Lundur gerði fyrir skömmu könnun vegna áhættumats sem er í vinnslu ákváðu öryggistrúnaðarmenn að kanna í leiðinni ánægju starfsmanna á vinnustaðnum.**

Húsvörðurinn fékk vin sinn til að yrkja í sinn stað svör við öllum spurningunum í ánægjukönnuninni og fer ljóðið hér á eftir.

*Í vinnunni núna ég ánægður er,  
til athafna þekkingin nýtist hjá mér,  
aukavakt tek ég þá að mér er lagt,  
ef líka í tíma er frá henni sagt,  
viðmót hjá starfsfólki er vandað og gott,  
um vinsemd og kærleika ber það svo vott,  
alltaf í tíma á klósett ég kemst  
kankvís það nefni svo engum það gremst,  
yfirmannsstuðning ég alla tíð fæ,  
ofbeldi og hótunum kastað á glæ,  
ég veit til hvers ætlast er alltaf af mér,  
um það er fræddur í vinnunni hér,  
við starfsmenn er framkoman lipur og ljúf,  
létt taka allir af vinnunni kúf,  
í starfi er ég virtur og vandað til alls,  
verkefnið mega ekki riða til falls,  
fínt er að spjalla og fylgjast svo með,  
forðast öll vandamál það kætir geð,  
einelti finnst ekki á þessum stað,  
óþreyttur fer ég svo heim eftir það,  
stuðningur mikill er starfsfólki hjá,  
styrkurinn bregst ei sem menn treysta á,  
vinnustað þessum ég mæli svo með,  
sem menn hafa bestan á landinu séð.*

## Dagvist

**Lundur hefur leyfi fyrir tveimur dagvistarplássum sem skiptast á milli nokkurra einstaklinga.**

Markmið dagvistunar er að styðja þá einstaklinga sem geta búið heima en þarfnast eftirlits og umsjár sem eflir um leið andlega, líkamlega og félagslega færni. Í dagvistun er boðið upp á morgunverð, hádegisverð og miðdagskaffi eftir því sem við á. Ef viðkomandi þarf á sjúkrahjálfun að halda þá er hún í tengslum við dagvist. Allir sem koma í dagvistun hafa rúm til að halla sér í. Húsvörður og bilstjóri Lundar sér um allan akstur dagvistarfólks.



Sjúkraliðar á Kumbaravogi ásamt hjúkrunarforstjóra heimilisins. Frá vinstri: Ása Knútsdóttir, Anne Reiersen, Sigríður Guðjónsdóttir hjúkrunarforstjóri, og Hrefna Pétursdóttir, trúnaðarmaður sjúkraliða.

# Heimsókn á Kumbaravog

Um fimmtíu til sextíu manns starfa við aðhlynningu á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu að Kumbaravogi, þar af fjórir sjúkraliðar og við erum með þrjá sjúkraliðanema á brúnni, segir Sigríður Guðjónsdóttir hjúkrunarforstjóri í viðtali við Sjúkraliðann.

Í heimsókn Sjúkraliðans á Kumbaravog var rætt við Sigríði Guðjónsdóttur hjúkrunarforstjóra, Guðna Kristjánsson framkvæmdastjóra, og Hrefnu Pétursdóttur, trúnaðarmann sjúkraliða, um vinnustaðinn.

## Löng saga

Kumbaravogur er landnámsjörð og þar var lengi verslunarstaður; þá komu skipin á kambinn fyrir neðan bæinn með vörur frá útlöndum. Snemma á síðustu öld keypti stúka í Reykjavík jörðina og rak þar barnaheimili, svo og síðar hæli fyrir drykkjumenn um hríð. Árið 1964 settist Kristján Friðbergsson að á Kumbaravogi ásamt konu sinni og börnum. Þau höfðu mikið húsnæði og í byrjun sjöunda áratugarins tóku þau börn inn á sitt heimili sem áttu ekki í önnur hús að venda, alls 26 börn.

„Tíu árum síðar var töluverð umræða um heimili fyrir aldraða, og því var það að hingað komu nokkrir aldraðir til dvalar eftir því sem húsnæði losnaði. Hér var síðan byggð sérhönnuð hjúkrunardeild

sem var tekin í notkun árið 1985,” segir Guðni Kristjánsson framkvæmdastjóri Kumbaravogs.

## Einbýlum fjölgað

Kumbaravogur er sjálfseignarstofnun sem rekin er á daggjöldum frá ríkinu. Þar eru núna 50-55 heimilsmenn, þar af fjóurtíu og tvö hjúkrunarrými, en tíu til þrettán í dvalarrými. Sá elsti er 98 ára, en margir eru um níuætt. Flestir koma frá nágrennbæjum og -byggðum, en einnig er tekið við sjúklingum frá öðrum landssvæðum og sjúkrastofnunum.

„Það hefur fækkað mikið hér á undanförunum árum,” segir Sigríður. „Þegar ég hóf störf árið 1991 voru um sjötíu manns á Kumbaravogi, enda meira um fjölbýli en nú tíðkast.”

Sjö tvíbýli eru á Kumbaravogi og eitt stórt herbergi sem upphaflega var ætlað fyrir sjúkrahjálfa en er notað sem fjölbýli þegar álagið er mest. Þar eru tveir til fimm heimilismenn saman í herbergi.

Verið er að endurbyggja hluta húsnæðisins, þar sem áður voru minni herbergi, og þar verða einbýli. Heimilið fær framlag úr Framkvæmdasjóði aldraða eins og lög

## Markmið hjúkrunar

Markmið hjúkrunar á Kumbaravogi eru þessi:

- Lögð er áhersla á að bera virðingu fyrir einstaklingnum, fyrir venjum hans og síðum. Einnig að hann og fjölskylda hans njóti trúnaðar og umhyggju í samskiptum.
- Að bæta lífi við árin.
- Að veita bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu þjónustu sem völ er á á hverjum tíma og styðjast við viðurkennd viðmið.
- Að styðja við bak einstaklingsins svo hann megi halda sjálfstæði, virkni, lífsgleði og reisn til æviloka.

gera ráð fyrir, en sjálfseignarstofnunin þarf að sjá um annan kostnað við breytingar og endurbætur á húsnæðinu.

„Við förum bara í vinnugallann,” segir framkvæmdastjórinn.

### Íbúðir fyrir fagfólk

Sjúkraliðar eru núna færri en stundum áður á Kumbaravogi og stafar það af þeim mikla skorti sem er á sjúkraliðum. Margir ófaglærðir vinna við umönnun heimilismanna, en það er allt fólk sem talar íslensku.

„Við eigum ekki við að glíma tungumálaerfiðleika í aðhlyningunni,” segir Sigríður, „en hér starfa nokkrir erlendir starfsmenn bæði við ræstingu, í eldhúsinu og við aðhlyningu. Á dæmigerðum degi eru tólf starfsmenn á dagvakt í umönnun, sex á kvöldvakt og eitthvað færri um helgar. Sjúkraliði er nokkuð reglulega vaktstjóri á kvöldvakt, sem gefur lyf samkvæmt fyrirmælum, mælir blóðþrýsting og blóðsykur og stjórnar störfum á vaktinni. Við höfum verið mjög heppin með sjúkraliða. Sjúkraliðar geta síðan alltaf haft samband við hjúkrunarfræðing á bakvakt.

Almennt eigum við ekki í erfiðleikum með að fá starfsfólk, nema fagfólkið, og margir búa hér á svæðinu eða í húsum sem við eigum í þorpinu. Við útvegum fagfólkinu íbúðir og höfum herbergi fyrir ófaglærðra sem vinna hérna. Fyrir þetta greiðir fólk sanna gjarna leigu og í því felst heilmikil kjarabót.”

Sigríður segir að hjúkrunarþyngdin sé mikil, og nokkuð margir heimilismenn illa áttaðir eða með heilabilun.

### Sjúkrabjálfun og félagslíf

Sjúkrabjálfunarastaða er í húsakynnum Kumbaravogs með öllum helstu tækjum og æfingabekkjum, auk aðstöðu fyrir bakstra og nudd. Sjúkrabjálfi sinnir sjúklíngum eftir þörfum og er einnig með leikfimi einu sinni í viku.

Á Kumbaravogi er starfandi djákni. Messað er hálfsmánaðarlega, á miðvikudögum, og alltaf á stórhátíðum. Við teljum það mikinn kost að eiga að prest sem lætur



Guðni Kristjánsson framkvæmdastjóri Kumbaravogs, og Sigríður Guðjónsdóttir hjúkrunarforstjóri.

heimilisfólkið syngja íslensk þjóðlög eftir hverja messu, sest hann þá við píanóið og leiðir fólk með sér í söng, segir Guðni. Einu sinni í mánuði kemur tónlistarmaður og spilar á hljómborð og gerir það mikla lukku hjá heimilisfólkinu. Í föndurherbergi Kumbaravogs er boðið upp á föndur og félagsstarf tvo tíma alla virka daga.

Læknir kemur vikulega frá Heilbrigðisstofnun Suðurlands eða oftar ef þurfa þykir og sinnir því heimilisfólki sem þarf á lækniþjónustu að halda. Heimilisfólkið getur keypt þjónustu eins og fótisnyrtingu, hárgreiðslu eða klippingu á staðnum.

Haldið er þorablót einu sinni á ári. Reynt er að fara með heimilisfólk í bíltúra á sumrin og á brennu á gamlárskvöld, en það verður sífellt erfiðara þar sem hjúkrunarþyngdin er alltaf að aukast.

„Þetta hefur breyst mikið á undanförunum árum,” segir Sigríður, „vegna þess að fólk kemur hingað veikara en áður.”

### Kjarninn starfað lengi

Starfsmenn gera sér stundum dagamun saman.

„Við förum á jólahlaðborð fyrir jólin og eins höfum við farið í leikhús með niður-

greiðslu frá vinnuveitanda,” segir Hrefna.

„Kjarni starfsfólksins hefur starfað hér lengi,” segir Guðni. „Ekki er óalgengt að fólk hafi unnið hérna í tíu ár eða meira og sumir mun lengur. Fagfólkið er stöðugur vinnukraftur hjá okkur. Allmargir starfsmenn hafa fengið afhentan skjöld sem viðurkenningu fyrir tíu ára starf, þar af tveir á þessu ári.”

Hann segir reynt að koma til móts við kröfur um tæki til að létta vinnuna, enda sé það mikilvægt til að starfsmenn haldi heilsu. Það á til dæmis við um lyftara. Baðbækkur og setlaug eru á Kumbaravogi, en ekki baðkar. Rafmagnslyftur eru á flestum rúmum, en í einstaka tilvikum fær fólk að koma með sitt eigið rúm að heiman.

### Vel í sveit sett

Hrefna vekur athygli á því að heimilið sé vel í sveit sett. Í kringum húsin er stórt autt svæði sem er gott til gönguferða og dýralíf fjölbreytt.

„Kindurnar koma upp að gluggunum til að bíta gras, hingað kemur hundur á hverjum degi til að fá kex, hrafnarnir gera sig heimakomna, og svo er fuglalífið hér í kring einstakt á sumrin,” segir hún.



Dvalar- og hjúkrunarheimilið að Kumbaravogi í sveitarfélaginu Árborg.





Sjúkraliðarnir á Kirkjuhvoli á Hvolsvelli ásamt deildarstjóranum. Frá vinstri: Eiríka Benný Magnúsdóttir, Sólveig Þórhallsdóttir deildarstjóri, Kristjana Jónsdóttir og Kristín Aradóttir.

# Sjúkraliðar hafa mikið vægi

„Sjúkraliðarnir hafa mjög mikið vægi hérna, þeir eru frábærir og algjörlega ómissandi eins og aðrir starfsmenn hérna,” sagði Sólveig Þórhallsdóttir, deildarstjóri á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Kirkjuhvoli á Hvolsvelli við tíðindamann Sjúkraliðans.

Á Kirkjuhvoli var rætt við sjúkraliðana þrjá á staðnum, Kristínu Aradóttur, Kristjönu Jónsdóttur og Eiríku Benný Magnúsdóttur, um vinnustaðinn. Kristín og Kristjana hafa unnið lengi á Kirkjuhvoli, en Eiríka útskrifaðist sem sjúkraliði í byrjun ársins og hefur unnið þar í nokkra mánuði.

## Dvalarheimili frá 1985

Sveitarfélögin í Rangárbíngi eystra stofnuðu Kirkjuhvol sem dvalarheimili og hófst reksturinn 1. mars 1985. Seinna var byggt við húsið og sá áfangi tekinn í notkun fjórum árum síðar, árið 1989.

Sveitarfélagið sér að mestu leyti um rekstur Kirkjuhvols sem er á daggjöldum frá ríkinu eins og önnur hjúkrunarheimili. Stjórn heimilisins er kosin til fjögurra ára í senn og

skipa hana Ólafur Eggertsson formaður, Guðbjörg T. Júlíusdóttir varaformaður, Óskar Magnússon, Sólveig Eysteinsdóttir og Bergur Pálsson, en hjúkrunarforstjóri er Arný Helgadóttir.

## Allir heimilismenn í einbýli

Kirkjuhvoll hefur lengst af verið dvalarheimili. Þar hafa sumir núverandi heimilismanna haft búsetu í um tuttugu ár. Að undanförunu hefur verið unnið að því að fjölga hjúkrunarrýmum á Kirkjuhvoli. Þar eru núna 33 heimilismenn, þar af 15 hjúkr-

unarsjúklingar. Síðastliðið haust var meðalaldurinn 84 ár, en elsti heimilismaðurinn er 98 ára.

„Hérna eru allir í einbýli nema hjón sem vilja og fá að búa saman,” segja sjúkraliðarnir. „Húsnæðið er að mestu leyti litlar íbúðir, en einnig höfum við þrjú minni herbergi á efri hæðinni.”

Í öllum íbúðum og herbergjum eru neyðarhnappar og tenging fyrir síma og sjónvarp.

## Gott en krefjandi starf

Sjúkraliðarnir eru sammála um að starfið á heimilinu sé gott en um leið mjög krefjandi. Þær eru allar hópstjórar og sjá meðal annars um Tryggva Ingólfsson sem lamadist fyrir neðan háls þegar hann féll af hestbaki. Hann var háður öndunarfél í eitt ár, en í vor voru rafskaut graedd í þind hans og var sú aðgerð sýnd í Kastljósi sjónvarpsins. Rafskautin gera honum kleift að anda án öndunarfélur.

„Tryggvi kom til okkar í júní og það hefur verið heimlikil reynsla að annast hann,”

*Á Kirkjuhvoli er einstaklingsmiðuð þjónusta og leggur starfsfólk metnað sinn í að borin sé virðing fyrir einstaklingnum og fjölskyldu hans og að heimilismenn megi njóta sjálfstæðis, virkni, lífsgleði og reisnar allt til æviloka*

segja sjúkraliðarnir. „Hjólástóllinn er tengdur við tölvu með sérstöku tæki sem Tryggvi hreyfir með hökinni og þannig getur hann unnið í tölvunni og stýrt hjólástólnum sínum.“

Sjúkraliðarnir segja að heimilið sé vel búið tækjum til að létta vinnuna, enda hafi mikið verið gert í því efni síðustu árin. Þar er til dæmis lyftubaðkar og lyftarar.

„Ábyrgð okkar í starfi er mikil hérna,“ segja sjúkraliðarnir. „Við höfum allar farið á sáranámskeið og sú þekking okkar nýtist vel í starfinu.“

### Margir ófaglærðir

Starfsmenn á Kirkjuhvoli eru um 30 talsins í um tuttugu stöðugildum. Þar af eru 25 á ganginum, flestir ófaglærðir, en 5 í eldhúsi.

Hluti starfsfólksins á heimilinu er af erlendum toga, einkum konur sem komu upphaflega frá jafn ólíkum löndum og Hollandi, Chile, Brasilíu, Austurríki, Þýskalandi og Póllandi. Í hópi erlendu starfsmannanna er einn karlmaður frá Póllandi.

„Við höfum verið mjög heppin með starfsfólkið,“ segir Sólveig. „Það er mjög stíf starfsmannastefna hjá okkur um að hér innanhúss sé töluð íslenska. Starfsfólkið sem komið hefur frá öðrum löndum fær leiðbeiningar og aðstoð við íslenskuna einu sinni í viku.“

Sjúkraliðarnir eru sammála um að mörgum útlandu starfsmannanna gangi vel að læra íslenskuna, sérstaklega þeim sem eru duglegar að spyrja þær um hvernig hin og þessi orð séu beygð og fleira þess háttar. Þeir sem spyrja mikið læri mun fyrir að tala málið.

„Við erum mjög ánægðar með starfsfélagana,“ segja sjúkraliðarnir, „en því miður erum við einu sjúkraliðarnir hérna og það er ekki margir hjúkrunarfræðingar, þannig að flestir í umönnuninni eru ófaglærðir.“

Þess má geta að þrír af starfsmönnum hjúkrunarheimilisins eru nú í sjúkraliðanámi.

Starfsfólk Kirkjuhvols fer saman í ferðir á vorin eða á haustin og eins er farið í jólahlaðborð í desember.

### Handavinna og félagslíf

Á Kirkjuhvoli er veitt margvísleg þjónusta svo sem nudd, leikfimi, sjúkraþjálfun og vikuleg bankaþjónusta. Læknir kemur einu sinni í viku að jafnaði og sóknarprestur sinnir heimilisfólkinu reglubundið. Þá stendur þjónusta hárgreiðslufólks, snyrti- og fóttaðgerðarfræðings til boða gegn vægu gjaldi.

Á annarri hæð heimilisins er handavinnustofa þar sem Rósalind Kristín Ragnarsdóttir, sem útskrifast í vor sem sjúkraliði af brúnni hjá Fjölbrautarskóla Suðurlands á Selfossi, stýrir handavinnu tvisvar í viku.

„Það er mjög góð þátttaka í fönðrinu,“



Sjúkraliðarnir Eiríka Benný Magnúsdóttir, Kristín Aradóttir og Kristjana Jónsdóttir hjá Tryggva Ingólfssyni sem lamaðist fyrir neðan háls í slysi.

segja sjúkraliðarnir, „og fólkið er afskaplega ánægt með Rósý eins og allir kalla hana.“

Heimilisfólkið hefur handverkssýningu og basar í byrjun aðventu ár hvert. Þá eru ýmsar skemmtanir haldnar, þar á meðal veglegt þorrablot og eins aðstandendadagur í samvinnu heimilisfólks, aðstandenda og starfsfólks.

Sjúkraþjálfari eru í 60% starfi og fer inn til heimilismanna til að æfa þá þar sem enginn tækjasalur er á heimilinu. Sjúkraþjálfarinn ásamt nuddara og hjúkrunarfræðingum sér um leikfimi í dagstofu tvisvar í viku fyrir heimilismennina.

### Garðurinn vinsæll

„Garðurinn hérna er algjört yndi og mikið notaður af heimilisfólkinu,“ segja sjúkraliðarnir, en nýtt og betra útivistarsvæði Kirkjuhvols var vígt í ágúst 2005. Þar gefst heimilisfólki kostur á útiveru í fallegu umhverfi sem er baðað ljósum er skyggja tekur.

Gangstígur með hitalögn er hringinn í kringum heimilið og á lóðinni er upphitað garðhýsi sem ber nafnið Uppsali, en það voru einmitt ábúendur á þeirri jörð sem gáfu peninga til að búa garðinn sem best úr garði.



Dvalar- og hjúkrunarheimilið Kirkjuhvoll á Hvolsvelli.

# Nýtt tölvukerfi í notkun um áramót

Um áramótin verður nýtt tölvukerfi tekið í notkun hjá Sjúkraliðafélagi Íslands til að halda utan um félagaskrá, sjóði og bókhald félagsins, og nýtt orlofshúsakerfi næsta vor.

Margrét Tómasdóttir bókar, sem situr fyrir hönd Sjúkraliðafélagsins í stýrihópi BSRB um nýja tölvukerfið, segir miklar vonir við það bundnar. Gamla tölvukerfið sem félagið hefur notast við undanfarin ár heitir Garður og er að mörgu leyti ófullkomið, ekki síst vegna þess að færa þarf allar nýjar upplýsingar handvirkt inn í það kerfi.

„Í Garði höfum við haft félagakerfið okkar, það er félagatal, upplýsingar um styrki úr Starfsmenntunarsjóði og Vinnudeilussjóði, orlofshúsin okkar og úthlutanir orlofsdvalar, en bókhaldið er í dk-tölvukerfinu,“ segir Margrét.

## Rafræn skil

Stjórn BSRB hefur tekið ákvörðun um að kaupa nýtt félagaforrit fyrir aðildarfélögin, en Sjúkraliðafélagið er eitt þeirra. Um er að ræða kerfi frá dk sem er nú þegar í notkun hjá Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands og líkar vel.

„Mestu skiptir fyrir okkur að við upptöku nýja tölvukerfisins munu skilagreinar frá launagreiðendum koma rafrænt inn í félagatalið og í bókhaldið, skipt niður á sjóði, en fram til þessa höfum við þurft að færa allar skilagreinar inn handvirkt. Þessi breyting er mun þægilegri fyrir okkur þar sem Sjúkraliðafélagið er bæði stéttarfélag og fagfélag, með hámarks og lágmarks félagsgjöld á ári. Við höfum þurft að vinna þær upplýsingar í Excel forritinu og færa þær þannig inn í bókhaldið. Í nýja tölvukerfinu getum við samstundis séð hvað hefur verið greitt inn fyrir hvern félagsmann á hverjum tíma. Hingað til höfum við þurft að tina út úr skránni alla fagfélaga, sem eru félagsmenn í öðrum félögum, svo sem Kili, og greiða því einungis fagfélagsgjöld til Sjúkraliðafélagsins, útbúa gíröseðla í gegnum bankalínu og innheimta þannig. Nýja tölvukerfið ætti því að verða mikill léttir.

Ætlunin er að félagakerfið verði tekið í notkun hjá öllum aðildarfélögum BSRB 1. janúar næstkomandi. Undirbúningur er langt kominn og starfsmenn dk munu fara á milli félaganna til að flytja gögn á milli tölvukerfanna.“



Margrét Tómasdóttir, bókar Sjúkraliðafélags Íslands.

## Orlofshúsakerfið Hannibal

„Nýja orlofshúsakerfið er frá HugurAx og kallast Hannibal, en með tilkomu þess verður mikil breyting á úthlutun orlofsdvalar því Hannibal gerir ráð fyrir að allt fari fram á netinu,“ segir Margrét. „Þegar það kerfi er komið í gagnnið munu sjúkraliðar sækja um orlofshús og aðra þjónustu fyrir sumarið á netinu. Þegar búið er að úthluta fær viðkomandi svar á netinu, hann greiðir fyrir úthlutunina á netinu og fær þar samninginn og allar upplýsingar. Gert er ráð fyrir að Hannibal verði tekinn í notkun 1. febrúar, en þar sem við teljum óvarlegt að treysta því að engir hnókrar verði í upphafi munum við ekki nota Hannibal fyrr en í maí. Sumarúthlutunin næsta vor mun því fara fram í nýja tölvukerfinu, en haust- og vetrarleigan ekki fyrr en næsta haust.

Hannibal býður upp á það á sumrin að hægt er að sjá til dæmis á miðvikudegi að einhver orlofshús eru laus frá næsta föstudegi og þá getum við sett þau hús inn á torg sem er aðgengilegt fyrir alla félagsmenn BSRB og þeir geta sjálfir gengið frá kaupum á þeirri orlofsdvöl.

Þegar vetrarleigan verður komin inn í Hannibal næsta haust geta sjúkraliðar séð á netinu hvað er laust og keypt orlofsdvöl

*Þetta er mjög spennandi verkefni og við vonum að nýja kerfið verði mun þægilegra og skilvirkara en gamla kerfið*

með netgreiðslu. Þar með fellur niður það kerfi sem verið hefur undanfarin ár að byrjað sé að taka á móti pöntunum einhvern tiltekinn dag á skrifstofunni fyrir haust- eða vetrarleigu. Þetta færist allt inn á netið.

Hjá BHM og KÍ hefur fyrirkomulagið varðandi haust- og vetrarleigu verið þannig að hægt er að kaupa orlofsdvöl þrjá mánuði fram í tímann, sem þýðir að um hver mánaðamót kemur einn nýr mánuður inn í kerfið. Nokkrar umræður voru um það hér innanhúss hvort rétt væri að hafa allan veturinn undir í einu, en það er of þungt í vöfum fyrir kerfið þannig að við ætlum að nýta okkur fyrirmynd KÍ og BHM.

Þetta nýja kerfi verður mjög þægilegt fyrir félagsmenn, en við áttum okkur á því að fólk er mismunandi tölvuvant. Þess vegna verðum við hér á skrifstofunni áfram lipur þegar fólk hringir í okkur til að bóka orlofshús og göngum frá bókuninni á netinu, en þá þarf fólk að hafa hjá sér númer á greiðslukorti.“

## Miðlægur gagnagrunnur

BSRB kemur til með að greiða kostnað sem fylgir því að taka kerfið í notkun og allar upplýsingar í nýja félagakerfinu verða geymdar í miðlægum gagnagrunni.

„Ég er á móti því að hvert félag sé með sérstakan rekstrarsamning og tel þetra að reksturinn sé allur á einni hendi hjá BSRB til að tryggja að öll félögin séu að vinna í sama umhverfi,“ segir Margrét. „Þá myndi BSRB hafa tengilið sem félögin geta snúið sér til með beiðnir um breytingar og hann mun sjá til þess að þær séu gerðar fyrir kerfið í heild. Mér finnst líklegt að sú verði niðurstaðan.

Það er von mín að í framtíðinni fái sérhver félagsmaður aðgangsorð að nýja kerfinu og geti þannig skodað allar upplýsingar um sjálfan sig, til dæmis hversu mikið hann hefur fengið úthlutað úr sjóðum, hversu mikinn rétt hann eftir, greiðslur sínar í félagsjóð og svo framvegis, og þannig haft eftirlit með því að vinnuveitandi hafi staðið skil á félagsgjöldum. Það er framtíðarsýn okkar til lengri tíma lítið.

Þetta er mjög spennandi verkefni og vonum við að nýja kerfið verði mun þægilegra og skilvirkara en gamla kerfið,“ segir Margrét. „En þess ber að geta að fyrstu mánuðirnir eftir áramót verða frekar viðkvæmir hjá okkur vegna þess að alltaf getur eitthvað farið úrskeiðis þegar nýtt tölvukerfi er tekið í notkun.“

## Umferðarslys á leið heim úr vinnu

# Hver eru réttindin?

Bréfa­kassanum hefur borist fyrirspurn frá sjúkraliða sem veltir fyrir sér réttindum sínum, það er hvort hann njóti einhverra trygginga samkvæmt kjarasamningi félagsins vegna umferðarslyss sem hann varð fyrir á leið heim úr vinnu.

Bréfa­kassinn eða umbi hans skal hér eftir fóngum reyna að svara spurningu sjúkraliðans, sem er þó ekki einfalt mál því í mörg horn er að líta.

## Slysatrygging

Sjúkraliði sem verður fyrir slysi, hvort heldur í vinnu eða í sínum frítíma, er tryggður samkvæmt kjarasamningi. Verði sjúkraliði fyrir slysi í vinnu eða á beinni leið til eða frá vinnu eins og í þessu tilviki á hann rétt á launum í veikindum eins og kjarasamningar gera ráð fyrir, auk fébóta valdi slysið sjúkraliðanum varanlegri örorku.

Rétt er að undirstrika og vekja sérstaka athygli á því að slysatryggingar samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna gilda allan sólarhringinn, jafnt í starfi sem utan starfs, svo lengi sem starfsmaður er á launaskrá.

## Veikindaréttur

Sé áunninn veikindaréttur 175 dagar eða færri, á starfsmaður sem verður óvinnufær vegna slyss í starfi eða atvinnusjúkdóms rétt á leyfi til viðbótar áunnum veikindarétti 13 vikum eða 91 degi. Við þessa viðbótardaga bætast ekki yfirvinnu- og/eða álagsgreiðslur. Rétt er að vekja athygli á að sé um tímabundna ráðningu að ræða eða uppsögn úr starfi rofnar réttur til launa ekki fyrr enn viðbótarveikindaréttur starfsmanns er fullnýttur.

## Önnur útgjöld vegna slyss

a) Öll útgjöld vegna vinnuslyss eiga að greiðast af atvinnuslysatryggingadeild Almennatrygginga og/eða tryggingafélagi ökutækis.

b) Atvinnurekanda ber að greiða starfsmanni þau útgjöld sem hann hefur orðið fyrir af völdum slyss á vinnustað sem slysatryggingar almennatrygginga bæta ekki.

## Greiðslur úr Styrktarsjóði BSRB

Styrktarsjóður BSRB veitir virkum félögum sjóðsins viðbótarrett þegar réttur til launa í veikindum er fullnýttur. Greiðslur



Sjúkraliði sem verður fyrir slysi er tryggður samkvæmt kjarasamningi.

Styrktarsjóðsins eru 80% af heildarlaunum síðustu 12 mánaða fyrir allt að 90 daga að öllum skilyrðum sjóðsins fullnægðum.

## Slysadagpeningar

Hvort sem orsök skertrar starfshæfni er afleiðing slyss eða veikinda á starfsmaður rétt á sjúkra- eða slysadagpeningum samkvæmt reglum Almennatrygginga þegar hann nýtur ekki launa frá atvinnurekanda, að viðbættum greiðslum frá Styrktarsjóði.

## Lausnarlaun

Geti starfsmaður ekki hafið störf að nýju þegar veikindarétti hans lýkur getur hann óskað eftir lausn frá störfum af heilsufarsástæðum. Sé lausnarbeiðni samþykkt fær starfsmaður greidd föst laun (það er mánaðarlaun auk vaktalags og annarra fastra greiðslna) í þrjá mánuði til viðbótar þeim launum sem hann hafði þegar fengið vegna

veikinda. Með lausnarbeiðninni lætur starfsmaður fylgja vottorð læknis er staðfestir að heilsu viðkomandi sé þannig komið að hann geti ekki tekið upp fyrra starf.

## Örorkumat

Varanlega örorku er í fyrsta lagi hægt að meta eftir ár frá slysi. Bætur eru greiddar fyrir hvert örorkustig, einfaldar fyrir fyrstu 25 örorkustigin tvöfaldar fyrir 26% til 50% stig og þrefaldar fyrir örorku hærra en 50% stig. Rétt er að geta þess að kröfur vegna þessarar tryggingar fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs er kröfuhafinn fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar, þó í síðasta lagi á 10 árum frá slysi. Sá mismunur er á bótagreiðslum frá ríkinu og öðrum sem eru með hliðstæða kjarasamninga og þeim sem starfa samkvæmt kjarasamningum sveitarfélaganna að samkvæmt þeim samningi eru bætur jafn háar í starfi og utan starfs.

## Örorkubætur og dánarbætur

Verði launþegi fyrir slysi sem veldur honum varanlegri örorku á hann rétt á bótagreiðslum samkvæmt kjarasamningi, auk annarra bóta sem hann kann að eiga rétt til, svo sem bóta frá Tryggingastofnun ríkisins sé örorkan metin hærra en 10%.

Dánarbú launþega sem deyr af slysförum við vinnu eða afleiðingum atvinnusjúkdóms á rétt á bótum samkvæmt sömu ákvæðum í kjarasamningi.

*Slysatryggingar samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna gilda allan sólarhringinn jafnt í starfi sem utan starfs, svo lengi sem starfsmaður er á launaskrá*

## Bótageiðslur

Ríkislögmaður annast fyrir hönd fjármálaráðuneytisins greiðslu sammingsbundinna trygginga en aðrir atvinnurekendur, þ.m.t. sveitarfélögin, tryggja starfsmenn sína hjá einhverju tilteknu tryggingafélagi sem launþegi snýr sér til með kröfu um örorkubætur.

Auk greiðslu sammingsbundinna bóta og/eða lífeyris frá Tryggingastofnun ríkisins á starfsmaður rétt á lífeyri hjá þeim lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna sem hann hefur greitt til, hafi það leitt til skerðingar á starfshlutfalli hans.

## Til frekari skoðunar

Athugið að kjarasammingsbundnar bætur skerða í engu bætur sem launþegi kann að eiga á hendur tryggingafélagi vegna umferðarslyss.

Auk þeirra bóta sem hér hefur verið reynt að skýra á almennu máli, kann viðkomandi einstaklingur sem orðið hefur fyrir varanlegum skaða á heilsu sinni að eiga rétt á bótum vegna sértrygginga merktra á skattframtali vegna heimilisstarfa eða frítímatryggingar sem fjölmargir hafa keypt sem hluta einhvers konar fjölskyldu- og/eða heimilistryggingar.



## Bréf og svör

Bréfaþessi Sjúkraliðans tekur við og birtir hugmyndir, fyrirspurnir og bréf sem blaðinu berast, ásamt svörum gefi efni bréfa til tilefni til þess.

Sjúkraliðar eru hvattir til að skrifa blaðinu um hvaðeina sem þá varðar. Aðstandendur blaðsins munu taka við og svara fyrirspurnum um kjarasamninga, lífeyrismál, veikindarétt, félagsstarfið eða starfsréttindi og skyldur sjúkraliða, svo fátt eitt sé nefnt af því sem sjúkraliðar geta gert sér að erindi í bréfi til blaðsins.

Fyrirspurnir til einstakra forystumanna, félagsstjórnar eða ábendingar um stefnu samtakanna eða blaðsins verður komið á framfæri við þá sem efni bréfa eiga erindi við eða best eru fallnir til svara. Að sjálfsgöðu verða óskir bréfrítara virtar ef óskað er nafnleynar eða að hluti bréfsins eða bréfið í heild sé ekki birt.

Bréf er ýmist hægt að senda í pósti á skrifstofu Sjúkraliðafélagsins, Grensásvegi 16, 108, Reykjavík, eða á netfangið: [gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)



Íslensku fulltrúarnir á þinginu í Vín, frá vinstri: Þuríður Einarsdóttir, Anna Atladóttir, Páll H. Hannesson, Árni Stefán Jónsson, Kristín Á. Guðmundsdóttir, Ögmundur Jónasson, Vernharð Guðnason og Þórarinn Eyfjörð.

# Fróðlegt þing

„Mér fannst mjög fróðlegt að taka þátt í þingi PSI sem haldið var í Vínarborg í lok september, á aldarafmæli samtakanna. Á þinginu var mörkuð stefna til næstu fimm ára og forvitnilegt að kynnst þeim viðtæku verkefnum sem verkalyðshreyfingin sinnir um allan heim og þá ekki síður að sjá að við hér á Íslandi erum engir eftirbátar annarra,” segir Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands.

Innan BSRB er sérstakur starfshópur sem sinnir erlendum samskiptum bandalagsins, þar á meðal PSI, sem eru alþjóðasamtök launafólks í almannatjónustu. Fulltrúar starfshópsins á þinginu í Vín voru auk Kristínar þau Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Árni Stefán Jónsson, Þuríður Einarsdóttir, Anna Atladóttir og Vernharð Guðnason. Auk þess sótti Þórarinn Eyfjörð þingið á vegum SFR og Páll H. Hannesson alþjóðafulltrúi BSRB.

## 1500 þingfulltrúar

„Mikil vinna fór fram á þinginu, sem 1500 fulltrúar sátu, bæði í vinnuhópum og á fundum,” segir Kristín. „Staða og framtíð hreyfingarinnar var rædd, nýliðun í hreyfingunni, einkavæðing og þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Kynnt var ný áhersla á aukid samstarf opinberra vatnsveitna í heiminum til lausnar þeim mikla vanda sem stór hluti mannkyns á við að stríða vegna slæms aðgengis að vatni til daglegra nota, en PSI hefur látið mjög til sín taka hvað það málefni varðar. Það starf, ásamt þeirri rannsóknarvinnu sem unnin hefur verið við Háskólann í Greenwich um afleiðingar einkavæðingar í veitu- og orkugeiranum og víðar, hefur um margt mótað áherslur og stefnu BSRB á þessu sviði. Af hálfu BSRB var á þinginu



Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, í ræðustóli á PSI þinginu í Vín.

þakkað fyrir þessa vinnu og hvatt til frekari rannsókna, enda væri mikilvægt að byggja alla málafylgju á staðreyndum.”

Peter Waldorff frá Danmörku hlaut kosningu sem framkvæmdastjóri samtakanna og tók við af Hans Engelberts sem hafði staðið í stafni síðan 1981. Óhætt er að segja að nokkur kynslóðaskipti séu að verða í forystu PSI þar sem Mike Waghorn og Alan Leather, forystumenn til margra ára, létu einnig af störfum. Norðurlandabúar eru áberandi í forystu PSI en auk nýs framkvæmdastjóra frá Danmörku hefur Ylfa Thörn frá Svíþjóð verið forseti PSI síðan 2002.

Þeim sem vilja kynna sér nánar samþykktir þingsins er bent á eftirfarandi slóð á heimasíðu PSI:

[http://www.psi100.org/files/congressdocuments/english/EN\\_final\\_resolutions\\_adopted\\_at\\_Congress.pdf](http://www.psi100.org/files/congressdocuments/english/EN_final_resolutions_adopted_at_Congress.pdf)



Hjúkrunarheimilið í Runavík er rekið á kristilegum grundvelli.



Vallahlíð, nýjasta hjúkrunarheimili Þórshafnar.

# Færeyjar eru flottar

**Það voru heldur en ekki glaðar konur sem héldu með flugi frá Reykjavíkur til Færeyja föstudaginn 15. september síðastliðinn.**

Þetta voru 15 starfsmenn 1. hæðar hjúkrunarheimilisins Sóltúns á ferð og þeir hugðust verja þremur dögum hjá frændum okkar og nágrönnum. Við gistum í höfuðstað Færeyja, Þórshöfn. Tilgangur ferðarinnar var að heimsækja tvö hjúkrunarheimili. Annað í Þórshöfn en hitt í Runavík.

Leiðsögumaðurinn okkar, Sveinur Thomasson, var mættur strax á laugardagsmorgni til að fylgja okkur til Runavíkur. Sveinur átti eftir að gera þessa heimsókn okkar til Færeyja ógleymanlega. Hann söng meðal annars fyrir okkur, spilaði á píanó og gaf okkur að smakka grind (hvalkjöt). Færeyingar virðast varðveita vel þjóðareinkenni sín og gamla menningu. En þeir eru líka komnir í nútímann og eru búnir að bæta samgöngur mikið með því að grafa jarðgöng á milli flestra eyja, sem eru átján talsins.

## Hjúkrunarheimilið í Runavík

Vel var tekið á móti hópnum í Runavík, en á því heimili búa 66 heimilismenn. Heimilið er rekið á kristilegum grunni, þar sem hugmyndafræðin er virðing fyrir manneskjunni. Það sem okkur þótti eftirtektarverðast var að notaðar eru þéringar og að farið er í lengri ferðalög með íbúa árlega og einnig utanlandsferðir og þá er Danmörk vinsælust. Þetta er fallegt heimili með einbýli og litil átta manna sambýli, og þjónustan virtist öll til fyrirmyndar.

Á leiðinni til Þórshafnar vildi fararstjórinn okkar, Sveinur, sem er einnig rithöf-



Búðin í Vallahlíð var sett upp fyrir heimilismann sem hefur rekið verslun alla sína starfsævi.



Þinganes í Þórshöfn.

undur, koma við á dvalarheimili og heimsækja vin sinn. Hann hefur skrifað ævisögu þessa tæplega 100 ára gamla manns, sem hafði dvalið á Íslandi til margra ára. Þótti honum greinilega gaman að fá allar þessar íslensku konur í heimsókn og dró upp úr kistu sinni þúrtvínsflösku og bauð okkur snafs, sem hópurrinn þáði með gleði og þakklæti.

Sunnudagurinn var notaður í skoðunarferð um Þórshöfn, þar sem gengið var um gamla bæinn, Skansinn og Þinganes og Norðurlandahúsið heimsótt. Sveinur „okkar“ er greinilega mjög fróður um sögu landsins og sagði ótrúlega skemmtilega frá; svo sannfærandi var hann að við gátum séð sögurnar ljóslifandi fyrir okkur.

## Nýjasta heimilið

Á mánudagsmorgni heimsóttum við nýjasta heimilið í Þórshöfn, Vallahlíð, sem var tekið í notkun fyrir tveimur árum. Húsið er sérhannað með þarfir fólks með heilabilun í huga og virtist okkur vera lögð mikl alúð í verkið og hugað að hverju smáatriði. Heimilið er fyrir 16 manns, skiptist í tvær deildar og er rekið eftir hugmyndafræði sem nefnist Eden er sótt til bandaríks læknis, Bill Thomas. Um 500 heimili í heiminum eru rekin eftir kenningum hans sem ganga meðal annars út á að rjúfa einmannaleika, leiða og lært hjáþarleysi. Samkennnd, lífsgleði og þolinmæði eru lykilhugtök í kenningunni.

Þarna eru hundur, kettir og páfagaukar, og þegar litið er út um gluggann sjást gæsir á vappi og kindur á beit. Starfsemin er mjög sérstök að því leyti að starfsfólkið vinnur þverfaglega (allir ganga í öll verk) og jafn margt starfsfólk er á morgun- og kvöldvöktum. Þótti okkur öllum mikil upplifun að fá tækifæri til að heimsækja þetta glæsilega heimili þar sem sannur heimilisandi ríkti.

## Sungið á íslensku

Við nýttum tímann vel það sem eftir var dagsins (konur geta alltaf fundið verslanir). Á leiðinni út á flugvöll fórum við í skoðunarferð til Kirkjubæjar sem er helgur staður í hugum Færeyinga og orjúf-anlegur hluti af sögu landsins.

Svona í lokin verður að segja frá því að við heimsóttum að sjálfsgöðu veitingastaði og öldurhús í Þórshöfn. Eftir borðhald á Hótel Hafnía sungu gestir sem staddir voru þarna í brúðkaupsafmæli fyrir okkur stelpurnar „Stína var litil stúlka í sveit.“ Á öldurhúsunum heyrðum við sungið „Ísland er landið“ og „Nú andar suðrið.“

Það má geta þess að hvar sem við komum var okkur tekið sem frændum og vinum. Greinilegt er að Færeyingar horfa mikið hingað til Íslands enda eru þjóðirnar tengdar sterkum böndum.

Það voru sælar konur sem flugu heim til Reykjavíkur staðráðnar í því að heimsækja þessar fallegu Eyjar aftur.

*Guðmunda Steingrimsdóttir,  
sjúkraliði Sóltúni*



Þórshöfn í Færeyjum.



Kröfur danskra sjúkraliða um „Fleiri hendur“ og „Hærra laun“ voru áberandi í fjöldamót-mælunum í Danmörku 2. október síðastliðinn.

# Fleiri hendur hærra laun

**Eftt hefur verið til fjöldamótmæla í Danmörku vegna lélegra launa og vaxandi manneklu í danska heilbrigðiskerfinu, og þá ekki hvað síst á öldrunarsviðinu þar sem ástandið er einna verst. Danskir sjúkraliðar hafa tekið virkan þátt í þessum mótmælum undir kjörorðunum „Fleiri hendur“ (Fleiri hendur) og „Mere i løn“ (Hærra laun).**

Forystumenn sjúkraliða og annarra opinberra starfsmanna í Danmörku búa sig undir meiriháttar átök við gerð nýrra kjarasamninga á árinu 2008. Í þingkosningunum í nóvember síðastliðnum var meðal annars tekist á um auknar fjárveitingar til velferðarmála eða skattalækkanir. Þeir flokkar sem fylgja skattalækkunarleiðinni fengu þingmeirihluta og eru því áfram við völd í Danmörku.

## Fjöldamótmæli

Fólk sem starfar innan heilbrigðisgeirans í Danmörku efndi til víðtækra mótmæla 2. október síðastliðinn þegar danska þingið kom saman til síns fyrsta fundar eftir langt sumarleyfi. Um fimmtíu samtök af ýmsu tagi stöðu að baki mótmælunum. Talið er að hátt í eitt hundrað þúsund manns hafi tekið þátt í kröfugöngunni í Kaupmannahöfn, en auk þess var efnt til svipaðra mótmæla í öðrum helstu borgum Danmerkur.

„Hjúkrunarfólk ber daglega gifurlega ábyrgð á sjúkum og öldruðum sem þurfa á faglegri aðstoð að halda og fyrir það fáum við eymdarlaun,“ sagði ræðumaður sjúkraliða á fjöldafundinum í Kaupmannahöfn.

„Stjórnmalamenirnir verða að breyta þessu. Við eigum rétt á að fá þá virðingu og viðurkenningu fyrir faglega færni okkar og ábyrgð sem fagmenntun okkar á skilið. Stjórnmalamenn verða að skilja að verkefni- in krefjast fleiri handa og fagmenntaðs starfsfólks.“

Fyrir sumar gripu starfsmenn í öldrunarþjónustu á vegum sveitarfélaganna í Danmörku til skyndiverkfalls til að mótmæla lágum launum og manneklu á öldrunarheimilum. Í kjölfarið lofuðu stjórnmalamenn að auka fjárveitingar til öldrunarþjónustunnar, en ekkert hefur enn orðið úr efndum. Þess vegna eru forystumenn sjúkraliða og annarra heilbrigðisstarfsmanna í Danmörku svartsýnir á gang samningamála á nýju ári.

## Karlalaun fyrir kvennastörf

Í skýrslu stjórnar FOA, stéttarfélagssins sem sjúkraliðar tilheyra í Danmörku, kemur fram að innan félagsins er víðtæk krafa um að í næstu kjarasamningnum verði tryggt að heilbrigðisstarfsfólk fái „karlalaun fyrir kvennastörf“ eins og það er orðað.

Megináhersla verður lögð á verulega hækkun grunnlauna, og er þar talað um að minnsta kosti fimm þúsund danskra króna hækkun, sem jafngildir um 55 þúsund krónum íslenskum. Hins vegar er lítil áhugi á launahækkunum sem stjórnendur fyrirtækja geti sjálfir ráðstafað á vinnustöðunum.

Það er mat stjórnenda FOA að samningaviðræðurnar á næsta ári verði þær erfiðustu um langt árabil.



Félagsstjórnarfundurinn í fullum gangi. Frá vinstri: Margrét Þóra Óladóttir, Hafdís Dögg Sveinbjörnsdóttir, Helga Dögg Sverrisdóttir, Margrét Auður Óskarsdóttir, Inga Lóa Guðmundsdóttir, Kristjana Guðjónsdóttir, Kristín Ólafsdóttir, Jóhanna Traustadóttir og Kristín Á. Guðmundsdóttir.

## Fundað á Austurlandi

Félagsstjórnarfundur Sjúkraliðafélags Íslands var haldinn á Egilsstöðum 26. og 27. október síðstliðinn.

Síðdegis fyrri daginn var fundur með sjúkraliðum frá Egilsstöðum en um kvöldið var sameiginlegur kvöldverður með stjórn Austurlandsdeildar sjúkraliða. Seinni daginn, 27. október, bauð formaður deildarinnar, Gunnhildur Ósk Sæbjörnsdóttir, félagsstjórninni í fræðslu- og skoðunarferð um næsta nágrenni undir leiðsögn Arndísar Þorvaldsdóttur. Farið var um Egilsstaði, Reyðarfjörð, Eskifjörð og Norðfjörð. Félagsstjórnin heimsótti hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði og Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupsstað og ræddi við sjúkraliðana sem þar starfa.



Margrét Þóra Óladóttir, gjaldkeri Sjúkraliðafélagsins, Guðlaug Sveinbjörnsdóttir, formaður Vestfjarðadeildar sjúkraliða og Torfhildur Þórarinsdóttir, formaður Vestmannaeyjadeildar.



Félagsstjórnin hélt kvöldverð með stjórn Austurlandsdeidar.



Á fundi með sjúkraliðum á Egilsstöðum. Frá vinstri Þórhildur Pálsdóttir, Vilborg Björnsdóttir og Ásta Hjaltadóttir, trúnaðarmaður.



Sigurborg Einarsdóttir, ljósmóðir (fremst til hægri) segir sjúkraliðum frá Sjóminjasafninu á Eskifirði.



Anna Þóra Árnadóttir, yfirsjúkrahjálfi, kynnir sjúkraliðum deildina á Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupsstað.





Fjölmennt var á aðalfundi deildarinnar í BSRB-húsinu við Grettisgötu í Reykjavík.

## Sérnámsdeildin

# Félagsmenn eru 92

Fjölmennt var á aðalfundi Deildar sjúkraliða með sérnámi í hjúkrun aldraðra, sem haldinn var þriðjudaginn 13. nóvember síðastliðinn í húsnæði BSRB að Grettisgötu 89. Á fundinum tók Ingibjörg Sveinsdóttir við formennsku af Edda Sjöfn Smáradóttur.

Í skýrslu sinni um störf stjórnarinnar á liðnu starfsári gerði Edda Sjöfn grein fyrir helstu viðfangsefnum deildarinnar frá aðalfundinum 2006 og sagði meðal annars:

Á liðnu starfsári skipuðu stjórn deildarinnar þau Edda Sjöfn Smáradóttir formaður, Guðmunda Steingrimsdóttir ritari, Aldís Ingvarsdóttir gjaldkeri og Freyja Benediktisdóttir meðstjórnandi.

Formaður og ritari afhentu rósir til nýtt-skrifaðra sjúkraliða með sérnámi í hjúkrun aldraðra í Háskólabíó þann 20. desember 2006. Að athöfn lokinni stóð deildin fyrir móttöku í húsnæði SLFÍ þar sem boðið var upp á léttar veitingar. Edda Sjöfn Smáradóttir var með eina kynningu á deildinni á haustönn fyrir nem-

endur í sérnámi í hjúkrun aldraðra í Ármúlaskóla. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, ræddi við nemana og svaraði fyrirspurnum.

Edda Sjöfn Smáradóttir og Kristbjörg Bára Emilsdóttir sátu fulltrúaðing SLFÍ.

### Störf vinnuhóps

Stjórn deildar sjúkraliða með sérnámi í hjúkrun aldraðra hefur fjallað um tillögur vinnuhóps sem skipaður var á síðasta aðalfundi. Þau atriði sem vinnuhópurinn fjallaði um voru meðal annars spurningalisti varðandi sérnámið, dreifibréf Landlæknis, kynning á sérnáminu og hugmyndir um breytingu á starfheiti eftir nám. Málið hefur verið afgreitt formlega. Í vinnuhópnum eru: Kristjana Guðjónsdóttir, Salvör K. Héðinsdóttir og Ingibjörg Júlíusdóttir, ásamt stjórn deildarinnar.

Ástæða er til þess að geta trúnaðarstarfa stjórnarmanna fyrir SLFÍ.

Edda Sjöfn Smáradóttir var í ritnefnd sjúkraliðablaðsins og ritaði meðal annars grein í tímaritið Öldrun þar sem fjallað var um sérnámið.

Guðmunda Steingrimsdóttir er í vinnuhópi á vegum Landlækniseimbættisins þar sem verkefnið er að kanna leiðir til að nýta betur menntun sjúkraliða. Hún er einnig trúnaðarmaður í Sóltúni.

### Vorferð í Sóltún

Farin var árleg vorferð sem hófst með mótöku og kynningu á hjúkrunarheimilinu Sóltúni og voru veitingar í boði hússins. Síðan var haldið í átt að Grindavík á Hotel Northern Light Inn þar sem borðaður var dýrindis kvöldverður. Áttu konur þar saman góða kvöldstund. Ég vil þakka nefndinni sem skipulagði vorferðina, þeim Guðmundu Steingrimsdóttur og Aldísi Ingvarsdóttur, fyrir vel unnin störf.

# 375 í Eftirlaunadeild

Á síðastliðnu starfsári fjölgaði í Eftirlaunadeild Sjúkraliðafélags Íslands úr 347 félagsmenn í 375. Þetta kom fram á aðalfundi deildarinnar sem haldinn var 31. október 2007 í húsi BSRB í Reykjavík.

Á aðalfundinum flutti Erla Bára Andrésdóttir, formaður Eftirlaunadeildarinnar, skýrslu um störf deildarinnar starfsárið 2006-2007 og sagði þá meðal annars:

Nýliðið starfsár voru alls haldnir fjórir stjórnarfundir, fjórir vinnufundir, jólafundur

og fræðslufundur.

40 ára afmæli SLFÍ var þann 21. nóvember 2006 og í tilefni af því var ráðstefna haldin þann 17. nóvember og tókst hún vel og mikið var til skemmtunar. Mér og fleirum fannst standa upp úr ávarp sem Sigurbirna Hafliðadóttir flutti og nefndi: Störfin fyrr á árum. Það var hrein snilld hjá henni og vel að orði komist.

Jólafundur var í desember og þá kom til okkar Súsanna Svavarsdóttir og las upp úr nýrri bók. Að öðru leyti var fundurinn hefðbundinn og vel sóttur.

Fræðslufundur var í mars. Fræðsluefnið var ný námsleið fyrir verðandi sjúkraliða, svokölluð brú. Þær Kristín Á Guðmundsdóttir og Birna Ólafsdóttir komu á fundinn og útskýrðu fyrir okkur þessa námsleið.

31. maí var fulltrúaðing SLFÍ og margt um manninn. Sú sem hér stendur sat þingið ásamt Þorbjörgu Einarsdóttur. Þar var tilkynnt formannskjör og sigraði Kristín Á. Guðmundsdóttir með yfir 60% atkvæða.

Ég sat einn fund hjá Skjólí sem

fulltrúi Sambands lífeyrisþega ríkis og bæja.

Farin var sumarferð í júní sem heppnaðist mjög vel og vorum við alls 68. Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurdeildar sjúkraliða, og Kristín Ólafsdóttir, varaformaður SLFÍ, komu með í ferðina. Vil ég koma á framfæri þakklæti frá okkur til SLFÍ fyrir að gera okkur kleift að komast í sumarferðina, en félagið leggur til rútur og mat fyrir okkur. Helga Pétursdóttir ritari gerði ferðinni góð skil í síðasta tölublaði Sjúkraliðans.

# Á fjórða hundrað í námi í Reykjavík

Alls útskrifuðust á síðasta skólaári 99 sjúkraliðar í Reykjavík, 71 úr Fjölbraut í Breiðholti og 28 úr Fjölbraut við Ármúla. Við það tækifæri færði Reykjavíkurdeildin þeim rósir og heillaóskir frá Sjúkraliðafélagi Íslands. Á skólaárinu 2007–2008 eru 193 í sjúkraliðanámi í Fjölbraut í Breiðholti og 150 í sjúkraliðanámi í Fjölbraut í Ármúla, segir í skýrslu stjórnar Reykjavíkurdeilda Sjúkraliðafélags Íslands fyrir starfsárið 2006-2007.

Á aðalfundi deildarinnar í október flutti Jóhanna Traustadóttir, sem var endurkjörin formaður deildarinnar, skýrslu stjórnar og fer meginefni hennar hér á eftir.

## Sextán stjórnarfundir

Á nýliðnu starfsári Reykjavíkurdeildarinnar fundaði stjórnin alls sextán sinnum; þar af voru tveir nefndarfundir þar sem öllum nefndum deildarinnar var boðið að koma til skrafs og ráðagerða. Ekki var mæting góð hjá þeim sjúkraliðum sem þar eiga sæti. Ég vona að breyting verði þar á vegna þess að samskiptin við nefndirnar eru deildinni mikilvægar.

Tvisvar á þessu starfsári voru fulltrúar Reykjavíkurdeilda við útskriftir sjúkraliða úr Fjölbrautarskólanum í Breiðholti og Fjölbrautarskólanum við Ármúla. Í desember voru 9 sjúkraliðar útskrifaðir frá Fjölbraut í Ármúla, en 39 sjúkraliðar frá Fjölbraut í Breiðholti. Þetta var fjölmennasti hópur sjúkraliða sem skólinn hafði útskrifað í einu síðan skólinn hóf kennslu á sjúkraliðabraut. Af þessu tilefni var Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra viðstödd útskriftina.

## Fjölsótt þorralblót

Í byrjun janúar var hafist handa við undirbúning þorralblóts sem haldið var 16. febrúar. Uppselt var á þorralblótið og er það mikið ánægjuefni að svo góð þátttaka sé á fagnað sem þennan hjá deildinni. Mikið magn vinninga var í boði og vöktu þeir mikla lukku hjá þeim sem þá hlutu, en mikil og góð sala var í happdrættinu þetta árið. Skemmtiatriði voru góð og má þar nefna tiskusýningu þar sem nokkrir félagsmenn sýndu fót frá Zik Zak við mikinn fögnuð gesta. Um tónlistina og fjörið sá Viðar Jónsson tónlistarmaður.



Jóhanna Traustadóttir, formaður Reykjavíkurdeilda Sjúkraliðafélags Íslands, í ræðustóli. Við hlið hennar situr Kristín Ólafsdóttir, varaformaður SLFI.

Mjög gaman var að sjá hve margir sjúkraliðar úr Eftirlaunadeildinni komu á þorralblótið. Ég vona að þeir komi sem oftast á skemmtanir Reykjavíkurdeildarinnar. Öllum þeim sjúkraliðum er stóðu að undirbúningi þessa þorralblóts vil ég þakka fyrir alveg frábært kvöld.

Í lok janúar var hafist handa við að þakka vaktabókinni en hún var frekar seint á ferðinni þetta árið vegna seinangangs í samningagerð, en við því var ekkert að gera. Vil ég þakka öllum þeim sem að þessari vinnu komu.

*Í fyrra útskrifuðust fleiri sjúkraliðar frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti en nokkru sinni fyrir í sögu skólans*

Í apríl bauð stjórn Reykjavíkurdeildarinnar öllum þeim sem komu að skipulagningu þorralblótsins og þökkun vaktabókarinnar út að borða í þakklætisskyni. Að þessu sinni var farið á veitingastaðinn Carúsó og áttum við þar mjög ánægjulega kvöldstund.

Þann 16. febrúar var haldinn félagsstjórnarfundur í Duus húsi í Keflavík. Skoðuðum við Rokkminjasafnið og Bátasafnið í kaffihléum því fundurinn var haldinn í sama húsi. Eftir fundinn bauð Inga Lóa Guðmundsdóttir, formaður Suðurnesjadeilda, fundarmönnum í skoðunarferð um sjúkrahúsið í Keflavík og dagdvöl fyrir eldri borgara á Suðurnesjum. Virkilega var gaman að sjá hve sjúkraliðar á Suðurnesjum hafa verið duglegir að gefa gjafir til góðra málefna; til dæmis er flest allt í kapellu sjúkrahússins í Keflavík frá sjúkraliðum eða verk eftir sjúkraliða.

## Listar uppfærðir

Í lok mars hóf stjórn Reykjavíkurdeildar að uppfæra alla trúnaðarmannalista og póstlista. Hringt var í alla þá sem voru á skrá og þeir beðnir um að staðfesta það sem skráð var og staðfesta að þeir ættu að vera á skrá áfram. Mjög mikill tími var lagður í þetta verk sem lauk ekki fyrr en í lok september. Vil ég sem formaður deildarinnar þakka Margréti Tómasdóttur á skrifstofu SLFÍ hjartanlega fyrir alla hjálpa við að koma þessu réttu á heimasíðu félagsins. Ætti nú að vera rétt skrá yfir trúnaðarmenn deildarinnar á heimasíðu SLFÍ. Ef einhverjar breytingar verða hjá trúnaðarmönnum Reykjavíkurdeildar eru þeir beðnir um að tilkynna það til félagsins strax þannig að hægt sé að halda þessum listum við.

Í framhaldinu stofnaði stjórn Reykjavíkurdeildar netfangið rvk-deild@visir.is og er öllum félagsmönnum velkomid að senda fyrirspurnir til stjórnar og verður þeim svarað eins fljótt og hægt er. Einnig væri gaman að fá póst frá sjúkraliðum sem gæfu kost á sér til vinnu og setu í nefndum félagsins. Tilkynningum um slík framboð þarf að skila inn til uppstillingarnefndar félagsins fyrir 1. febrúar ár hvert.

Í maí var haldin vika hjúkrunar á Landspítalanum eins og undanfarin ár. Í ár voru sjúkraliðar með og stóðu aðaltrúnaðarmenn Landspítalans að uppsetningu á veggspjöldum með aðstoð Guðjóns Davíðs hönnuðar. Sviðsstjórar fjögurra sviða á Landspítalanum borguðu eitt veggspjald hver þannig að þau voru fjögur. Sjúkraliðar voru ánægðir með þetta framtak hjá aðaltrúnaðarmönnum Landspítalans og vonandi verða sjúkraliðar á Landspítalanum aftur með að ári.

## Á tólfta hundrað starfandi

Í maí 2007 voru starfandi sjúkraliðar í Reykjavíkurdeild 1.139. Skipting þeirra er þessi: 18 sjúkraliðar störfuðu á einkarekn- um vinnustöðum, 48 sjúkraliðar hjá Reykjavíkurborg, 711 sjúkraliðar hjá ríkisstofnunum, 345 sjúkraliðar hjá sjálfseignarstofnunum og 17 sjúkraliðar hjá sveitarfélögum.

Kynjaskipting deildarinnar í maí 2007: 30 karlmenn og 1.109 konur.

1. maí þetta árið var ansi dapur hvað varðar fjölda sjúkraliða er gengu undir fána félagsins í Reykjavík. Ræðumaður dagsins á Ingólfstorgi var Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður Sjúkraliðafélags Íslands. Það er sorglegt að ekki fleiri sjúkraliðar skyldu sjá sér fært að mæta í gönguna á baráttudegi verkalýðsins þar sem sjúkraliðar eru alltaf að berjast fyrir kjörum sínum. Við sjúkraliðar þurfum að vera sýnilegri og stoltari yfir okkar starfsheiti svo fólk viti að við séum til. Allt hjálpar þetta í kjarabaráttunni.

Fulltrúafing SLFÍ var haldið þann 31. maí. Reykjavíkurdeildin átti þar 12 fulltrúa.

5. júní fóru formaður Reykjavíkurdeildar, Jóhanna Traustadóttir, og gjaldkeri Reykjavíkurdeildar, Kristín Ólafsdóttir, sem einnig er varaformaður SLFÍ, í sumarferð Eftirlaunadeildar SLFÍ. Vil ég þakka Eftirlaunadeildinni innilega fyrir að gefa okkur tækifæri til að fá að vera með í ferðinni.

## Fundur trúnaðarmanna

Þann 15. október boðaði Reykjavíkurdeild SLFÍ alla trúnaðarmenn deildarinnar á fund í BSRB húsinu. Gunnar Gunnarsson, framkvæmdarstjóri SLFÍ, hélt erindi um hvernig lesa eigi úr samningum og einnig fór hann aðeins yfir lífeyrismálin. Birna

Dagana 26. og 27. október var farið á Austfirði. 26. október var haldinn félagsstjórnarfundur á Egilsstöðum. Við gístum og funduðum á Egilsstaðabænum, hittum sjúkraliða frá Egilsstöðum og áttum sam-eiginlegan kvöldverð með stjórn Austurlandsdeildar í einstaklega notalegu umhverfi Egilsstaðabajar. Stjórn Austurlandsdeildar á miklar þakkir skilið fyrir einstaka gestrisni.

## Fjórar nefndir

Í Reykjavíkurdeildinni eru starfandi fjórar nefndir.

Fjaröflunarnefnd skipuð þremur sjúkraliðum sér um fjaröflun til fræðslu og menningarstarfa deildarinnar.

Fræðslu- og skemmtinefnd er skipuð sex sjúkraliðum. Meðal verkefna hennar



Fylgst með umræðum á aðalfundi Reykjavíkurdeildarinnar.

Ólafsdóttir, formaður fræðslunefndar SLFÍ, hélt erindi um menntamál og hvað væri að gerast í þeim málum og hver framtíðin væri. Kristín Á. Guðmundsdóttir, formaður SLFÍ, var með erindi um mikilvægi þess að hafa góða, virka og vakandi trúnaðarmenn á vinnustöðum sjúkraliða; einnig kom hún inn á hversu mikilvægt trúnaðarmanninum væri að kunna skil á kjörum sjúkraliða. Af um 120 trúnaðarmönnum deildarinnar mættu eingöngu um 35 og þykir mér það ekki nógu góð mæting og vona að fleiri komi næst þegar hóað verður til fundar. Þeim Gunnari, Birnu og Kristínu þakka ég kærlega fyrir erindi þeirra á fundinum sem voru mjög fræðandi.

er að mæta við útskrift sjúkraliða og færa þeim rósir og hamingjuóskir frá félaginu.

Kjaramálanefnd tók að sér að sjá um þátttöku félagsins á baráttudegi verkalýðsins í Reykjavík. Nefndina skipa fjórir sjúkraliðar auk formanns deildarinnar sem er sjálfkjörinn.

Þriggja manna uppstillinganefnd fer á stj þegar haustar og leitar uppi áhugasama sjúkraliða til starfa í deildinni í stað þeirra sem hætta. Gott væri ef sjúkraliðar í Reykjavíkurdeildinni sem áhuga hefðu á að starfa í nefndum á vegum deildarinnar létu vita af sér fyrir 1. ágúst ár hvert.

Á haustmánuðum ákvað Kristín Ólafsdóttir að hætta stjórnarstörfum og eru henni færðar innilegar þakkir fyrir allt það sem hún hefur gert á liðnum árum fyrir Reykjavíkurdeildina.

Að lokum langar mig að þakka öllum sjúkraliðum í Reykjavíkurdeildinni fyrir allan stuðning sem ég hef fengið á þessu fyrsta kjörtímabili mínu sem formaður.

*Í maí 2007 voru starfandi sjúkraliðar í Reykjavíkurdeild 1.139 talsins*



Sigríður Jónsdóttir sjúkraliði málar með akrýl- og vatnslitum í vinnustofu sinni.

# Málaralistin hefur gefið mér mikið

- Það er engin spurning að hvers konar listsköpun, hvort sem það eru hannyrðir, útsaumur, málun eða annað sem fólk er að fast við, er afar gefandi. Það fylgir því líka mikil ánægja að fólk vill hafa málverk eftir mig uppi á vegg hjá sér, það gefur mér mjög mikið, segir Sigríður Jónsdóttir sjúkraliði.

Tíðindamaður Sjúkraliðans heimsótti Sigríði á heimili hennar í Seljahverfi í Reykjavík, þar sem hún hefur góða aðstöðu til að mála, og það hana að segja frá æviferli sínum.

- Ég er fædd á Ísafirði og var þar til fimm ára aldurs, en þá fluttum við til Akraness þar sem ég ólst upp, segir Sigríður. - Í janúar árið 1957 fór ég til starfa á Hvítabandinu í Reykjavík og bjó þar líka því við sem vorum utan af landi þjuggum á efri hæðinni. Í janúar síðastliðnum voru liðin fimm tíu ár síðan ég hóf störf við hjúkrun. Tveimur árum síðar, árið 1959, giftist ég Eysteini Jónssyni. Við settum upp bú hér í Reykjavík og eignuðumst fjögur börn. Ég á fjögur tengdabörn, tíu barnabörn og tvö langömmubörn og barnabörnin fá að mála hjá mér þegar ég er að passa.

## Sjúkraliði í þrjátíu ár

- Í mars á næsta ári verða þrjátíu ár liðin síðan ég varð sjúkraliði, segir Sigríður. - Á Hvítabandinu kviknaði áhugi minn á að fara í hjúkrun, en þegar ég gifti mig og eignaðist börn fór ég þess í stað í Húsmæðraskóla Reykjavíkur. Þegar börnin voru orðin fjögur fór ég að vinna í hlutastarfi með heimilinu á Borgarspítalanum og Grensásdeild.

Á Hvítabandinu kynntist ég Þuríði

Runólfsdóttur og höfum við verið vinkonur síðan. Við höfðum báðar mikinn áhuga á hjúkrun og fórum saman í forskóla sjúkraliða hjá Námsflokkum Reykjavíkur, sem Guðrún Halldórsdóttir stjórnaði, og að því loknu einnig saman í Sjúkraliðaskólann, hún með fimm börn og ég með fjögur. Guðrún Halldórsdóttir var svo skemmtileg og uppörvandi að okkur fannst gaman að vera hjá henni. Ég man sérstaklega eftir því að þegar við vorum að fara í próf dreifði hún rúsinum á borðin hjá okkur til þess að við gætum styrkt heilaselurnar.

Ég var sjúkraliðanemi á meðgöngudeild, sem þá var á kvennadeildinni, á Landakoti og í Hátúni, en hef unnið á þremur stöðum eftir að ég útskrifaðist. Þær á meðgöngudeildinni höfðu boðið mér vinnu um leið og ég lyki sjúkraliðanáminu og ég fór beint þangað 1. apríl 1978 og var þar í tæpan áratug. Þegar fjölskyldan þurfti stærra húsnæði byggðum við hús í Hnjúkaseli í Seljahverfi og þá var einmitt verið að reisa Seljahlíð. Ég fékk vinnu í Seljahlíð um leið og heimilið opnaði og starfaði þar lengi, en síðustu níu árin hef ég unnið á Vog; hætti þar vegna aldurs nú í september.

Starf sjúkraliðans er krefjandi og því mjög afslappandi að geta snúið sér að allt öðru þegar heim kom af vaktinni, segir hún. - Deildarstjórar og samstarfsfólk

*Fyrstu árin málaði ég á eldhúsbörðinu þegar börnin voru sofnuð*

sýndu mér alltaf liðlegheit við vaktir þegar ég var vikulega í tímum hjá kennurum í málaralist.

## Alltaf gaman að teikna

- Strax sem barn hafði ég rosalega gaman af að teikna, segir Sigríður. - Húsið okkar við Vesturgötuna á Akranesi var niður við sjóinn, við Krókalónið, og þar var því líkt pláss til að teikna í fjörusandinn. Ég fór á hverjum einasta degi niður í fjöru með langa spýtu til að teikna. Þar fóru mörg listaverkin í sjóinn, en fjaran var alltaf jafn hrein og slétt morguninn eftir.

Ég var mikið að sauma og þrjúna fót á krakkana og stundaði útsaumu, en smám saman vék þetta til hliðar fyrir málaralistinni. Fyrstu árin málaði ég á eldhúsbörðinu þegar börnin voru sofnuð. Fyrir um tuttugu árum síðan fékk ég fyrst leiðsögn í málun. Þegar ég hóf störf í Seljahlíð var Sveinbjörn Þór Einarsson listmálarari fenginn til að aðstoða heimilisfólkið við listsköpun. Hann er mjög góður listamaður og frábær kennari. Um þetta leyti vorum við hjónin með stórt húsnæði og börnin farin að tynast að heiman, þannig að við sömduum við Sveinbjörn um að hann kæmi heim til mín einu sinni í viku til að leiðbeina mér og fleiri konum í listmálun, en í hópnum var einn annar sjúkraliði, María Loftsdóttir. Nú í haust voru nákvæmlega tuttugu ár liðin síðan Sveinbjörn fór að leiðbeina okkur. Hann var frábær kennari á olíu, akrýl og vatnsliti og leiðbeindi okkur á fimmtudagskvöldum í fimm eða sex ár. Þetta var ofboðslega skemmtilegur tími. Maðurinn minn sá um kaffið fyrir

okkur og var listgagnrýnandinn á staðnum.

- Ég held reyndar að ég hafi gegnt þarna mikilvægasta hlutverkinu, skýtur Eysteinn inn í, - því það er aldrei búið til gott listaverk yfir vondu kaffi.

### Hvassaleitishópurinn

Svonefndur Hvassaleitishópur hóf göngu sína fyrir þrjátíu árum, en hann hafði um árabíl aðsetur í Hvassaleitisskóla.

- Þegar Sveinbjörn fór að kenna þar gekk ég í hópin, en þar voru yfirleitt 12-15 manns að læra. Seinna tók Sigurður Örlygsson við kennslu af Sveinbirni. Þegar hópurinn missti húsnæðið fékk hann aðsetur í Réttarholtsskóla þar sem Guðrún Nordal kenndi okkur í þrjú ár. Hópurinn skipti um nafn og heitir núna Litagleði, en kjarninn úr Hvassaleitishópnum er þar ennþá. Núverandi kennari, Ingimar Waage, byrjaði í haust.

### Í Myndlistarskóla Kópavogs

- Í gegnum myndlistina eignaðist ég mjög góða vinkonu, segir Sigríður. - Hún var líka frá Ísafirði og hét Jakobína Kristjánsdóttir. Við kynntumst fyrst í hópunum sem hittist heima hjá mér og seinna fórum við saman í Hvassaleitishópinn og einnig í Myndlistarskóla Kópavogs. Þar var ég tvo vetur hjá Tuma Magnússyni að mála olíumyndir. Hann gaf mér góða umsögn, sagði til dæmi um mig:

„Geysist áfram með mikilli tilfinningu og fjörugum litum. Vinnur sjálfstætt og veit hvað hún vill. Gerði margar ágætar myndir.“

- Ég var líka hálfan vetur hjá Erlu Sigurðardóttur, sem kenndi vatnslitamálun, og seinna einn vetur í Akademiunni sem er fyrir eldri nemendur, segir Sigríður.

### Sólhýsi í garðinum

Sigríður hefur góða vinnuáðstöðu í sólhýsi sem þau hjónin byggðu í bakgarðinum við húsið sitt. Þar er rúmgott og bjart og umhverfið fallett.

- Þegar við fluttum hingað fyrir fimm árum skiptum við bílskúrnum í tvennt og ég hef aðstöðu þar, en fyrir einu ári stækkuðum við húsið út í garðinn og reistum sólhýsið þar sem ég mála núna akrýl- og vatnslitamyndir, en olíumálverkin vinn ég ennþá í bílskúrnum, segir Sigríður.

- Ég mála allt mögulegt, til dæmis uppstillingar, landslagsmyndir og blómamyndir. Stundum biður fólk mig um að mála eitthvað sérstakt, til dæmis í afmælisgjöf, og þá glími ég við það.

Þegar ég er að mála landslag geri ég skissur úti og tek ljósmyndir. Stundum er ég líka með vatnsliti með mér og punkta niður litina sem eiga að vera í myndinni, en mála síðan myndina heima. Myndin er oft tilbúin í höfðinu á mér áður en ég fer að mála.

### Margar sýningar

Sigríður hefur málað nokkur hundruð málverk og sýnt myndir sínar á fjórum einkasýningum og mörgum samsýningum, þar á meðal tvisvar á stórafmælum Sjúkraliðafélags Íslands, 1991 og 2006.



Sigríður við nokkur málverka sinna á sýningu sem haldin var í tilefni af fjörutíu ára afmæli Sjúkraliðafélags Íslands fyrir rúmu ári.

- Ég sýndi fyrst í Seljahlíð, segir hún. - Þar voru haldnir menningardagar á hverju ári og starfsfólki sem fékkst við listsköpun bauðst að sýna verk sín. Ég sýndi þar á hverju ári á meðan ég vann þar.

- Fyrsta einkasýningin var haldin í upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akranesi sumrið 1994. Svo skemmtilega vildi til að á sama tíma voru liðin fjörutíu ár frá því ég fermdist og við fermingarsystkinin hittumst á þeim tímamótum.

Sigríður var einnig með einkasýningu á olíu- og vatnslitamyndum í Prastarlundi í Grímsnesi sumarið 2001 og sama ár hélt hún fyrstu málverkasýninguna sem sett var upp í Edinborgarhúsinu á Ísafirði, en það gamla hús hefur verið endurreist sem menningarmiðstöð.

- Við Jakobína ætluðum að sýna þar saman,

en hún lést árið 2000 þannig að þetta var einkasýning mín, en ég hafði með eina mynd sem Jakobína hafði málað og eins ljósmynd af okkur tveimur saman. Mér fannst ofsalega gaman að sýna í fæðingarbæ minum og kynnaast í leiðinni ættingjum sem ég á fyrir vestan en þekkti ekki. Það var mikill gestagangur á sýningunni og hún Rut í Gamla bakariinu færði okkur vinarbrauð og Napóleonskökur til að hafa með kaffinu.

Sigríður hélt fjórðu einkasýningu sína í Hæfingarstöðinni í Fannborg í Kópavogi og hefur tekið þátt í fjölda samsýninga, þar á meðal samsýningu í Listasetrinu Kirkjuhvoli á Akranesi og einni sýningu erlendis þegar Íslendingafélagið í Málmei í Svihjóð fékk fjóra íslenska listamenn til að sýna verk sín þar í borg.



Nýtt málverk að verða til.



Sjúkraliðafélag  
Íslands

# Vetrarleiga orlofshúsa og íbúða félagsins

Félagsmenn Sjúkraliðafélags Íslands eiga kost á að velja á milli leigu þriggja orlofshúsa og íbúða í Reykjavík og á Akureyri um helgar og/eða vikuleigu á tímabilinu frá 4. janúar til 16. maí 2008.

## Leigugjöld eru:

- Vikuleiga frá föstudegi til föstudags..... 16.500 krónur
- Helgarleiga frá föstudegi til mánudags..... 11.000 krónur
- Ein nótt..... 4.000 krónur
- Framhaldsleiga, sólarhringurinn..... 1.500 krónur
- Páskar frá 19. - 26. mars..... 19.000 krónur

Fyrir leigu um páska eru dregnir af fimm orlofspuntar.

## Teikið er á móti umsóknum á skrifstofu félagsins frá 11. des. 2007.

Orlofshúsum og íbúðum verður ráðstafað í þeirri röð sem umsóknir berast. Ganga þarf frá leigusamningum að minnsta kosti viku fyrir brottför. Að öðrum kosti áskilur Orlofsnefnd félagsins sér rétt til að falla frá úthlutun og endurleigja húsnæðið öðrum félagsmanni.

Umsóknum skal komið á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 16, 108 - Reykjavík. Símar á skrifstofunni eru 553 9493 og 553 9494. Fax 553 9492. Tölvupóstfang margret@slfi.is

## Leiga á sængurfatnaði

Leigutökum á íbúð félagsins í Reykjavík og á Akureyri er boðið að leigja sér sængurfatnað, handklæði og þrifaklúta sem þarf til heimilishalds á 1.300 krónur settið.



## Hótel miðar

### Icelandair hótel

Gistimiðar á Icelandair hótel kosta 5,000.- kr. nóttin ásamt morgunverði. Hótel Hamar Borgarfirði, Hótel Flúðir, Hótel Klaustur Kirkjubæjarklaustri og Hótel Hérað Egilsstöðum. Hótel Loftleiðir Reykjavík og Flughótel Reykjanesbæ kr. 5,500.- kr.

### Fosshótel

Gistimiðar á Fosshótelinu kosta kr. 3,500.- kr. nóttin í tveggja manna herbergi á eftirtalin hótel í Reykjavík: Fosshótel Lind og Fosshótel Baron og þarf að greiða 1,500.- kr. til viðbótar í janúar-júní og september-december. Auk þessara hótela gilda miðarnir án aukagjalds á: Fosshótel Nesbúð, Nesjavöllum og Fosshótel Reykholt, Borgarfirði.

Skiptingarnar eru í höndum Sjúkraliðafélags Íslands



Kiðjaberg sumarhús

## Kiðjaberg - sumarhús

Kiðjaberg í Grímsnesi á Suðurlandi, í 75 km. fjarlægð frá Reykjavík. Áhugaverður staður fyrir útivistarfólk og golfáhugamenn, 18 holu golfvöllur er í Kiðjabergi og 9 holu völlur í Hraunborgum. Um landið liggja víða fallegar gönguleiðir með útsýni til jökla og hafs. Frá Selfossi að Kiðjabergi er u.þ.b. 20 mínútna akstur. Húsin eru heilsárshús með stofu, eldhúsi, rúmgóðri forstofu, baðherbergi og 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 8 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis húsin er vernd með rafhituðum potti fyrir 4 - 6.



Sigurhæði í Biskupstungum

## Sigurhæð - sumarhús

Sigurhæð er í landi Úthlíðar í Biskupstungum 15 kílómetra fyrir austan Laugavatn. Bústaðurinn er heilsárshús með 3 svefnherbergjum. Rúm og sængur eru fyrir 7 manns, auk tveggja lausra dýna. Umhverfis bústaðinn er vernd með heitum potti. Í næsta nágrenni eru skemmtilegar gönguleiðir, stutt í þjónustu og marga áhugaverða staði svo sem Laugavatn, Geysi, Gullfoss, Skálholt, Flúðir og fjölmargt annað.



Íbúð í Reykjavík

## Fellsmúli 16 - íbúð í Reykjavík

Rúmgóð þriggja herbergja íbúð í næsta nágrenni við skrifstofu félagsins. Íbúðin er búin helstu þægindum, síma, sjónvarpi, DVD spilara og með aðgangi að velbúnu þvottahúsi. Svefnaðstaða er fyrir 7-9 manns, þar af fyrir tvo á dýnum. Fellsmúllinn er vel staðsettur, örstutt í strætisvagna við Grensásveg. Verslanir í Skeifunni og Kringlunni eru í göngufæri og stutt að sækja útivistarsvæði Reykvinga í Laugardalnum heim.



Íbúð á Akureyri

## Hamratún 26 - íbúð á Akureyri

Þriggja herbergja 99 fm. íbúð á neðri hæð í tvíþýli, svefnpláss er fyrir 6 - 8 þar af fyrir 6 í rúmunum með sængum, tvær lausar dýnur fylgja. Íbúðinni fylgir allur almennur búnaður sem eðlilegt er að fylgi til heimilishalds, útvarp og sjónvarp. Uppþvottavél er í eldhúsi, þvottavél og þurrkari í þvottahúsi. Securitas hefur eftirlit með íbúð félagsins á Akureyri.



## Sumarhús vantar til leigu á Vestfjörðum


Sjúkraliðafélag Íslands óskar eftir að taka á leigu hefðbundið sumarhús á Vestfjörðum, einbýlishús eða rúmgóða íbúð í þéttbýli. Æskilegt væri að húsnæðið væri fyrir sex til átta manns.

Húsnæðið þarf að vera búið öllum almennum húsbúnaði til heimilishalds, ásamt sængurfatnaði.

**Leigutímabil er frá miðjum júní og fram í byrjun september.**

Allar frekari upplýsingar í síma 553 9493 - 863 9471 eða tilboð um leigu sendist Sjúkraliðafélagi Íslands Grensásvegi 16, 108 Reykjavík. Tölvupóstfang: [gunnar@slfi.is](mailto:gunnar@slfi.is)

## Samningar félagsins í handbók



**Kjarasamningar Sjúkraliðafélags Íslands eru komnir út í nýrri bók félagsins.**

Meginefni bókarinnar er kjarasamningur félagsins við ríkisvaldið, en hann var gerður árið 2005 og gildir til 30. apríl 2008.

Samningurinn er birtur með öllum bókunum og fylgiskjöllum.

Þar til viðbótar eru í bókinni útdráttur úr öllum stofnanasamningum sjúkraliða við heilbrigðisstofnanir. Þar kemur meðal annars fram hvað breyttist á hverjum stað með nýjum stofnanasamningi.

Einnig er í bókinni reglugerðir og samningar sem varða kjör sjúkraliða, meðal annars um ráðningarsamninga, réttindi trúnaðarmanna, ferðakostnað, ávöxtun orlofsfjár og fleira.

## OFA Sjúkrasokkar

Sjúkraliðafélagið hefur í umboðssölu þýskar skokkabuxur og sjúkrasokka frá OFA, Otto Fankhanel & sohn. Vörur frá OFA hafa reynst vel starfsfólki í heilbrigðisþjónustu og störfum þar sem mikið reynir á fætur.

**Pantarnir og upplýsingar eru veittar á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands, í síma 553-9493 eða 553-9494. Fax 553-9492**

### Sjúkraliðar athugið:

- OFA - stoðsokkar geta ráðið miklu um líðan þína.
- OFA - bætir blóðrásina, eykur vellíðan.
- OFA - hindrar bólgu og bjúg á liðamótum og dregur úr þreytu.
- OFA - eykur loftstreymi um fæturna og minnkar svita.
- OFA - er gæðavara úr bómull.
- OFA - til stuðnings og styrktar og bætir heilsuna.
- OFA - sjúkrasokkar, hnéháir verð kr. 1.500.
- OFA - sjúkrasokkar, stærðir 36 - 44.
- OFA - sjúkrasokkar, litir: hvítir, ljósbrúnir og dökkbláir.
- OFA - sjúkrasokkabuxur, verð kr. 1.800. Brúnar (Natur).

# Afsláttarmiðar í sólina í sumar

Sjúkraliðafélag Íslands hefur samið við **Sumarferðir, Úrval - Útsýn og Plús Ferðir** um afsláttarmiða fyrir sjúkraliða í sumar. Alls eru í boði 80 vikur á öllum sumardvalarstöðum ferðaskrifstofanna. Umsóknir þurfa að berast skrifstofu Sjúkraliðafélagsins fyrir föstudaginn 14. mars 2008. Hægt er að sækja um afsláttarmiða á heimasíðu félagsins slfi.is eða á skrifstofu félagsins að Grensásvegi 16, 108 - Reykjavík.



Mallorca – eyjan sem hefur allt.



Algarve - sumar í Portugal.



Calpe.



Róm borgin eilífa.



Ertu golfari?



Lanzarote – ævintýraeyja.



Tenerife - Abama.

## Eftirfarandi reglur gilda um afsláttarmiðana

- Vikudvöl: Fyrir 5.000 krónur og sjö orlofspunkta fær sjúkraliði 35.000 króna afslátt af vikuferð með **Sumarferðum, Úrval-Útsýn og Plús Ferðum**.
- Tveggja vikna dvöl: Fyrir 10.000 krónur og 14 orlofspunkta fær sjúkraliði 70.000 króna afslátt af tveggja vikna ferð með **Sumarferðum, Úrval-Útsýn og Plús Ferðum**.
- Hver félagsmaður sem fær úthlutað afsláttarmiða, á kost á einum eða tveimur miðum í eins eða tveggja vikna ferð. Miðarnir gilda aðeins fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans sem ferðast með honum.

## Umsóknarfrestur til 14. mars 2008

- Sækja þarf um afsláttarmiða fyrir föstudaginn 14. mars 2008. Tekið er á móti umsóknum á skrifstofu Sjúkraliðafélags Íslands, Grensásvegi 16, 108 Reykjavík, símar 553 9493 eða 553 9494, fax 553 9492, netföng margret@slfi.is eða lilja@slfi.is
- Sjúkraliði sem fær úthlutun fer með afsláttarmiða frá félaginu til ferðaskrifstofunnar og fær þar afslátt út á hann þegar gengið er frá bókuninni, án viðbótargjalds eða annars aukakostnaðar.

**Sumarferðir, Úrval-Útsýn og PlúsFerðir bjóða sjúkraliðum í sumarorlofsferðir til eftirtalinna staða:**

- |   |   |
|---|---|
| <input checked="" type="checkbox"/> Albir         | <input checked="" type="checkbox"/> Lanzarote |
| <input checked="" type="checkbox"/> Benidorm      | <input checked="" type="checkbox"/> Mallorca  |
| <input checked="" type="checkbox"/> Calpe         | <input checked="" type="checkbox"/> Portúgal  |
| <input checked="" type="checkbox"/> Costa Del Sol | <input checked="" type="checkbox"/> Tenerife  |
| <input checked="" type="checkbox"/> Krít          | <input checked="" type="checkbox"/> Tyrkland  |